

Skýrsla

Framhaldsskólinn á Húsavík

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf

2014

Framhaldsskólinn á Húsavík
Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2014

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2014.
Framhaldsskólinn á Húsavík. Úttekt.
Unnin að ósk Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsíðu fengin frá skólameistara.

ISBN 978-9935-436-47-4

Heildarniðurstöður

- Framhaldsskólinn á Húsavík er fámennur bóknámsskóli með áfangakerfi. Nemendum, sem nánast eingöngu koma frá Húsavík, hefur farið fækkandi sökum íbúabróunar á svæðinu. Skólinn á erfitt um vik til vaxtar sökum þess að upptökusvæðið er fámennt og engin heimavist er á staðnum eða tækifæri til að hýsa nemendur sem koma lengra að.
- Mikil vinna hefur verið lögð í gerð skólanámskrár af hálfu skólastjórnenda og kennara en í almennum hluta hennar er að finna flest stefnuskjöl og markmið skólans. Unnið er að mótun námsbrautarlýsinga og gerð hæfniviðmiða og stefnt að því að þær liggja fyrir haustið 2015.
- Starfsmannavelta hefur verið lítil á liðnum árum en fækkun stöðugilda við kennslu reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara. Kennarar eru almennt vel menntaðir en niðurstöður sjálfsmats skólans benda til að vinna þurfi markvisst að þróun kennsluhátta. Umræða er um breytingar á námsmati og vilji af hálfu yfirstjórnar að nýta betur prófatíma fyrir nám og kennslu. Engin mótuð stefna er um heimanám né notkun upplýsingatækni í kennslu.
- Langflestir nemenda skólans eru á „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri og brotthvarf meðal sextán til tuttugu ára nemenda er lítið. Meðalnámstími til stúdentsprófs á árunum 2009–2014 var 7,1 önn. Nemendafélagið sinnir félagslífi en virkja þarf það til aukinnar þátttöku í hagsmunagæslu fyrir nemendur við ýmsa faglega vinnu innan skóla og ákvarðanir.
- Skólinn leitast við að koma til móts við sérhvern nemanda eins og kostur er. Gerð hefur verið móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur og fatlaðir nemendur geta nýtt sér nám á almennum námsbrautum. Starfandi námsráðgjafi hefur aðgang að sálfræðingi fyrir þá nemendur sem þessa þurfa en Skólaþjónusta Norðurlands sinnir nemendum undir lögaldri. Starfsbraut er hluti af þjónustu FSH við nemendur með sérþarfir.
- Stjórnkerfi skólans er í samræmi við lög og skipurit skólans lýsir lítilli yfirstjórn og tiltölulega mikilli jafnstöðu starfsmanna. Stjórnendur eru fáir og starfslýsingar þeirra og annarra starfsmanna eru skýrar. Skólanefnd er virkur samráðsaðili skólameistara. Reynt hefur á í rekstri skólans og hefur verið gengið hart fram í niðurskurði. Þannig hefur tekist að halda rekstri að mestu innan fjárheimilda.
- Framhaldsskólinn á Húsavík nýtur velvildar og virðingar í næsta umhverfi sínu og virðist félagslega vel tengdur við nærsamfélagið. Samskipti innan skóla eru alla jafna góð og nemendur eru stoltir af skólanum sínum. Í skólanum er mikil nánd sem gerir nemendahópin samstæðan. Almennt virðist hlustað vel eftir röddum nemenda.
- Sjálfsmatsáætlanir eru gerðar til þriggja ára í senn. Innra mat er framkvæmt reglulega af þriggja manna hópi kennara. Verkferlar í matinu eru skýrir og þess gætt að hægt sé að fylgjast með ef breytingar verða í ákveðnum starfsþáttum. Hvorki nemendur, annað starfsfólk né foreldrar eiga aðild að sjálfsmatinu að öðru leyti en því að svara spurningum. Niðurstöðum sjálfsmats fylgja umbótatillögur sem reynt er að fylgja eftir.
- Foreldraráð hefur verið stofnað við skólann og markmið þess eru vel skilgreind. Þátttaka foreldra í starfi ráðsins er dræm. Áhrif foreldra á stefnumótun skólans eru lítil að öðru leyti en því að þeir eiga fulltrúa í skólanefnd og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Aðgengi foreldra að stefnuskjöllum og upplýsingum frá skóla er gott á vef skólans.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Framhaldsskólinn á Húsavík.....	7
2.1	Húsnæði og búnaður.....	7
2.2	Hlutverk og stefna	7
2.2.1	Starfsmannastefna	8
2.2.2	Jafnréttisstefna	8
2.2.3	Heilsu- og forvarnarstefna	8
2.2.4	Aðgerðaáætlun vegna eineltismála	9
2.2.5	Umhverfisstefna	9
2.2.6	Vinnuumhverfisstefna.....	9
2.2.7	Rýmingaráætlun	10
2.2.8	Viðbragðsáætlun vegna áfalla og sorgaratburða	10
2.3	Markmið og aðgerðir 2013–2014.....	10
2.4	Bókasafn.....	11
2.5	Tölvur og upplýsingatækni	12
2.6	Náms- og starfsráðgjöf	13
2.7	Mötuneyti	13
2.8	Skrifstofa	13
2.9	Mat úttektaraðila	14
3	Nám og kennsla	15
3.1	Skólanámskrá	15
3.2	Námsbrautir	16
3.3	Fjarnám.....	18
3.4	Kennsluhættir	18
3.4.1	Námsmat	20
3.5	Próunarverkefni	21
3.6	Mat úttektaraðila	22
4	Nemendur.....	23
4.1	Fjöldi í námshópum.....	24
4.2	Umsjón	24
4.3	Fjarvistir og brotthvarf	25
4.4	Brautskráning úr skóla	27
4.5	Nemendur með sérþarfir.....	27
4.5.1	Starfsbraut	28
4.6	Nemendur af erlendum uppruna.....	28
4.7	Nemendafélag.....	28
4.8	Mat úttektaraðila	29
5	Mannauður	30
5.1	Starfsmannavelta	31
5.2	Starfsþróun	31
5.3	Forfallakennsla	31
5.4	Mat úttektaraðila	32
6	Stjórnun og rekstur.....	33
6.1	Skólanefnd.....	34
6.2	Skólaráð.....	35
6.3	Rekstur skólans	35
6.4	Mat úttektaraðila	36
7	Skólabragur og samskipti.....	37

7.1	Mat úttektaraðila	37
8	Innra mat	38
8.1	Starfsmannasamtöl	39
8.2	Mat úttektaraðila	39
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	40
9.1	Ytri tengsl	41
9.2	Mat úttektaraðila	41
10	Niðurstöður	42
10.1	Styrkleikar og veikleikar	44
10.2	Aðgerðir	45
11	Heimildaskrá	46
12	Fylgiskjöl	48

Myndir

Mynd 1: Innritaðir nemendur í FH haust 2010-2014.....	23
Mynd 2: Aldursdreifing nemenda FSH haustið 2014.....	24
Mynd 3: Viðveruhlutfall nemenda á vorönn 2014.....	25
Mynd 4: Þróun brotthvarfs í FSH 2009–2014.....	26
Mynd 5: Skipurit FSH.....	34

Töflur

Tafla 1 Aðsókn á námsbrautir FSH vor og haust 2010–2014.....	17
Tafla 2: Ástæður brotthvarfs á vorönn 2014.....	26
Tafla 3: Brautskráðir nemendur frá FSH 2009–2014.....	27
Tafla 4: Stöðugildi í FSH haust 2014 eftir kynjum.....	30
Tafla 5: Menntun kennara í FSH haust 2014.....	30
Tafla 6: Starfsaldur kennara í FSH haust 2014.....	31
Tafla 7: Sjálfsmatsáætlun FSH skólaárið 2014–2015.....	38

1 Inngangur

Textinn sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á. Námsmatsstofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 15.9.2014. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla. Gunnar Gíslason, fyrrverandi fræðslustjóri, annaðist úrvinnslu viðtala.

Í samningi Námsmatsstofnunar og úttektaraðila er úttekt á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík, sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslna um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verksala beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi hvors skóla og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Skólans og umhverfis hans, skólanámskrár, stjórnunar og reksturs, náms og kennslu, skólabrags og samskipta, innra mats, samstarfs við foreldra og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Námsmatsstofnunar. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dags. 1. október 2014 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega. Í þriðja lagi fóru tveir sérfræðingar, Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, í heimsókn í skólann dagana 10. og 11. nóvember 2014. Markmiðið var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, varaformann skólanefndar, aðstoðarskólameistara, fjármálastjóra, skólaritara, forstöðumann bókasafns, starfandi námsráðgjafa, sjálfsmatsnefnd, fráfarandi formann foreldraráðs, umsjónarmann húsnæðis, umsjónarmann tölvukerfis, félagsmálafulltrúa og stjórn nemendafélagsins. Auk þess var rætt við starfsbrautarnemendur og umsjónarkennara þeirra og tekin voru rýniviðtöl við hópa kennara og nemenda. Samtals 41 einstakling.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Framhaldsskólinn á Húsavík

Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH) var stofnaður 1. apríl 1987 og settur í fyrsta sinn þá um haustið. Skólanum var ætlað að koma til móts við mikla fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi og auknar kröfur um þjónustu við íbúa héraðsins. Skólasterfið var í fyrstu byggt á grunni tveggja ára framhaldsnáms við Gagnfræðaskóla Húsavíkur. Síðan þróaðist það í fullmótaðan framhaldsskóla með fjölbrauta- og áfangakerfi. Árlegur fjöldi nemenda er í kringum 110 og brautskráningar nemenda eru um 20–30, bæði af stúdentsprófsbrautum og önnur lokapróf. Fjöldi starfsmanna er að jafnaði tuttugu.¹

Kjörorð FSH eru Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust og vor.

Fyrsti skólameistari var Jón Ingi Hannesson. Núverandi skólameistari er Dóra Ármannsdóttir, Herdís Þuríður Sigurðardóttir er aðstoðarskólameistari og gegnir hún jafnframt hlutverki áfangastjóra.

2.1 Húsnæði og búnaður

FSH er til húsa að Stóragarði 10 Húsavík og þar fer næstum öll kennsla fram í tólf kennslustofum. Þar er einnig bókasafn, skrifstofa skólans og aðstaða stjórnenda, kennara og annars starfsfólks. Matstofa og setustofa nemenda eru í kjallara. Samtals er húsnæði skólans 1399 fermetrar. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttahöllinni sem er næsta hús við skólann. Í kennaraálmú er vinnuaðstaða kennara og starfsfólks. Auk kennarastofu og skrifstofu stjórnenda eru þar vinnuherbergi með aðstöðu fyrir þrjú kennara í hverju. Þráðlaus nettenging er í húsinu og skólinn leggur kennurum til fartölvur þeim að kostnaðarlausu. Það er vilji skólans að kannað verði hvort unnt sé að sameina bókasafn hans og Héraðsbókasafn Þingeyinga með nýbyggingu við skólann. Jafnframt er stefnt að því að koma upp aðstöðu til verknáms og að reist verði heimavist.²

2.2 Hlutverk og stefna

Um hlutverk Framhaldsskólans á Húsavík segir á heimasíðu hans að hann stuðli að menntun og uppeldi með því að skapa fjölbreytt tækifæri og trausta umgjörð til menntunar í víðum skilningi þess orðs. Þá segir að skólinn leggi rækt við einstaklingsbundna hæfileika nemenda og að hann vilji hvetja þá til sjálfstæðis, sjálfsaga, gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar. Þannig eru nemendur búnir undir þátttöku í lýðræðissamfélagi um leið og þeir verða hæfari til þess að takast á við frekara nám og þátttöku í atvinnulífi með farsæld í einkalífi, námi og starfi að leiðarljósi.

Tekið er fram að skólinn sé öllum opin og að hann leggi áherslu á að þjóna íbúum í Þingeyjarsýslum. Hann hafi ákveðnar skyldur við nærsamfélagið og leitist við að bjóða íbúum þess fjölbreyttar leiðir til menntunar. Þá sé það jafnframt hlutverk FSH að miðla þekkingu og reynslu til annarra skóla í héraðinu, stofnana, fyrirtækja og stjórnvalda ásamt því að styrkja jákvæð viðhorf til búsetu á svæðinu.³ Þessu til viðbótar birtir skólinn nokkra stefnupunkta um samskipti hans og tengsl við aðra skóla sem atvinnulíf þótt jafnframt sé viðurkennt að möguleikar til starfsnáms á hans vegum séu takmarkaðir.⁴

Um menntasýn skólans sem grundvöll náms og kennslu er fjallað í þriðja kafla.

¹ Framhaldsskólinn á Húsavík. (2014).

² Húsnæði skólans. [Án árs].

³ Hlutverk Framhaldsskólans á Húsavík. (2014).

⁴ Tengsl við skóla og atvinnulíf. [Án árs].

2.2.1 Starfsmannastefna

Starfsmannastefna FSH er ítarlegt skjal sem birt er á heimasíðu skólans. Þar segir að hún sé skrifleg yfirlýsing um sameiginleg markmið stjórnenda og starfsmanna. Hún fjalli um réttindi og skyldur, henni sé ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar. Í henni felist yfirlýsing um að FSH vilji vera „góður vinnustaður þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.“⁵ Í starfsmannastefnunni eru aðalkaflaheiti eftirfarandi: Ráðningar; Starfsþróun; Jafnrétti; Samskipti og boðmiðlun; Laun, starfsskilyrði og vinnuvernd; Sjálfsmat; Stjórnunarhættir; Starfslok; Framkvæmd og eftirfylgd starfsmannastefnu. Í mörgum þessara kafla eru síðan undirkaflar með allnákvæmum lýsingum á markmiðum sem leiðum.

2.2.2 Jafnréttisstefna

Í Jafnréttisáætlun FSH segir að markmið hennar sé „að stuðla að jafnrétti kynja í skólanum, jafni stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans, ennfremur að minna stjórnendur, nemendur og starfslíð skólans á mikilvægi þess að allir fái notið hæfileika sinna án tillits til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis, þjóðernis eða annarra þátta sem kunna að greina einn einstakling frá öðrum.“

Einn aðalkafla jafnréttisáætlunarinnar fjallar um starfsfólk, annar lýtur að nemendum og hinn síðasti að framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnunnar.

Hlutverk jafnréttisfulltrúa FSH er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttismálum og að jafnréttisstefnu skólans sé framfylgt. Hann semur og sendir mennta- og menningarmála-ráðuneyti árlega greinargerð um jafnréttisstarf skólans svo sem lög gera ráð fyrir.⁶ Stjórnendur hafa gegnt hlutverki jafnréttisfulltrúa og séð um að svara spurningum frá Jafnréttisstofu um jafnréttisstarf skólans, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

2.2.3 Heilsu- og forvarnarstefna

Framhaldsskólinn á Húsavík tekur þátt í verkefnum heilsueflandi framhaldsskóli. Heilsustefnan tekur m.a. til geðræktar og unnið er eftir henni til að efla geðheilsu og líðan nemenda og starfsfólks. Samkvæmt henni er markvisst unnið að því að efla það viðhorf meðal nemenda að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Tekið er fram að skólinn taki ekki ábyrgð á neinni samkomu sem ekki er fyrirfram skýrt kveðið á um að eigi að vera vímalaus.

Í stefnunni er hlutverk forvarnafulltrúa skilgreint og sett fram helstu markmið og aðgerðir skólans sem miða að heilbrigðu lífni og forvarnastarfi. Innan skóla starfar heilsuteymi sem í sitja forvarnafulltrúi, fulltrúi nemenda, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, íþróttakennari og skólastjórnandi.

Helstu verkefni forvarnafulltrúa og heilsuráðs eru að:

- Endurskoða forvarnar- og heilsustefnu skólans.
- Hafa eftirlit með að forvarnar- og heilsustefnunni sé fylgt eftir.
- Vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana, ef þess er óskað, um hvernig hægt sé að stuðla að heilbrigðari lífsstíl og forvörnum.
- Fylgjast með umræðu um forvarnir og heilsueflandi lífsstíl og vera í sambandi við aðila sem vinna að sama markmiði.
- Standa að fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og forvarnir fyrir nemendum, starfsfólk og forráðamenn nemenda.
- Miðla upplýsingum til foreldraráðs.

⁵ Starfsmannastefna Framhaldsskólans á Húsavík. [Án árs].

⁶ Jafnréttisstefna. (2013).

- Halda uppi umræðu og fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og forvarnir og koma á framfæri hugmyndum til að efla þann þátt skólustarfsins.

Allíttarleg lýsing er á hlutverkum forvarnafulltrúa og rætt um helstu markmið og leiðir til að uppfylla þau. Í lok skjalsins segir frá því að forvarnateymi Norðurljósa fundi mánaðarlega. Í því sitja forvarnafulltrúi FSH, deildarstjóri unglingsstígs Borgarhólsskóla, fulltrúi frá lögreglunni, skólahjúkrunarfræðingur, forvarnafulltrúi Norðurljósa, félagsmálastjóri, tómstunda- og æskulýðsfulltrúi.⁷

2.2.4 Aðgerðaáætlun vegna eineltismála

Skólum ber að setja fram aðgerðaáætlun vegna eineltis⁸ og það hefur FSH gert með *Stefnu og viðbragðsáætlun Framhaldsskólans á Húsavík gegn einelti á vinnustað*.

Þar segir að starfsmenn skuli ávallt sýna samstarfsfólki sínu kurteisi og virðingu í samskiptum og að einelti og kynferðisleg áreitni verði undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Síðan fylgir skilgreining á einelti með vísan til *reglugerðar nr. 1000/2004*, minnt er á ábyrgð stjórnenda og verkferlar skilgreindir.⁹

Í viðtölum við nemendur töldu þeir sig ekki verða vara við einelti í skólanum

2.2.5 Umhverfisstefna

FSH hefur sett sér umhverfisstefnu í sjö liðum og birtir hana á heimasíðu sinni. Þar segir:

- Skólinn leitast við að hámarka nýtingu á orkugjöfum, s.s. á rafmagni og vatni.
- Skólinn leitar allra leiða til að nýta sem best öll aðföng er snerta daglegan rekstur.
- Velja skal viðurkenndar umhverfisvænar vörur fremur en þær sem valda skaða.
- Úrgang sem til fellur ber að endurnýta og endurvinna eftir því sem kostur er.
- Tryggja ber að spilliefnum sé fargað á viðeigandi hátt.
- Draga skal úr notkun einnota hluta eins og kostur er.
- Skólinn leggur áherslu á umræðu og fræðslu í umhverfismálum.¹⁰

2.2.6 Vinnuumhverfisstefna

FSH birtir vinnuumhverfisstefnu sína sem einn hluta starfsmannastefnu skólans. Þar er lögð áhersla á eftirfarandi:

- FSH kappkostar að tryggja hverjum starfsmanni þau skilyrði og þá aðstöðu sem hann þarf til að rækja starf sitt vel. Jafnframt er leitast við að tryggja starfsöryggi eftir föngum.
- Skólinn vill ráða og halda í hæft starfsfólk. Í því skyni leitast hann við að búa starfsmönnum sínum eins góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu og unnt er. Laun skulu ákvörðuð með sanngjörnum hætti á grundvelli starfslýsingar og gildandi kjara- og stofnanasamnings. Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali þegar honum þykir ástæða til.
- Áhersla er lögð á að starfsmenn ræki starf sitt vel. Skólameistara ber að fylgjast með stundvísi, fjarveru í vinnutíma og brotthvarfi af vinnustað áður en reglulegum vinnutíma lýkur, kanna ástæður fyrir slíku og lagfæra í samræmi við lög.
- Að jafnaði skal vinnuálagi stillt í hóf. Skólinn vill eftir megni taka tillit til óska um vinnutíma og starfshlutfall. Starfsmönnum skal, eftir því sem kostur er, gefinn kostur á tímabundinni lækkun á starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma vegna

⁷ *Heilsu og forvarnarstefna*. [Án árs].

⁸ *Aðalnámskrá framhaldsskóla*. (2011), bls. 45

⁹ *Viðbragðsáætlun gegn einelti*. (2011/2013).

¹⁰ *Umhverfisstefna*. [Án árs].

fjölskylduábyrgðar án þess að það hafi áhrif á starfsframa. Skólinn hvetur feður sérstaklega til þess að nýta sér möguleika til að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð.

- Vinnuumhverfi skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um öryggi á vinnustöðum. Í öryggisstefnu skólans segir að skólinn skuli leitast af fremsta megni við að útvega starfsaðstöðu sem fullnægir kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Í skólanum skal boðið upp á námskeið í skyndihjálp og viðbrögðum við eldsvoða og jarðskjálfta með reglulegu millibili.
- Skólanum ber að útvega hverjum starfsmanni aðstöðu sem gerir honum kleift að sinna starfi sínu vel. Skólastjórnendur meta þörf fyrir þá aðstöðu, s.s. rými, húsgögn og tækjakost. Taka skal sérstakt tillit til starfsmanna með fötlun og sjúkdóma.
- Starfsfólk er hvatt til að leggja rækt við heilsuna og ástunda heilbriggt lífni. Skólinn er Heilsueflandi framhaldsskóli og ber að sjá til þess að starfsfólk hafi greiðan aðgang að hollu fæði. Komi í ljós að starfsmaður eigi við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða ber stjórnendum og/eða starfsmönnum að bregðast við og leita úrlausnar.¹¹

2.2.7 Rýmingaráætlun

Á heimasíðu FSH er ítarleg rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta, eldsvoða og annarrar vár. Þar kemur meðal annars fram að mótsstaðir utan skólahúsanna sjálfra eru tveir. Við jarðskjálfta er það bílastæði skólans en við eldsvoða eða aðra vá er það Íþróttahöllin.¹²

2.2.8 Viðbragðsáætlun vegna áfalla og sorgaratburða

Í FSH er starfandi áfallaráð sem ætlað er að bregðast við slysi eða dauða nemanda og/eða starfsmanns. Á heimasíðu skólans er skilgreindur verkferill um það hvernig skuli bregðast við þegar áföll af því tagi ber að höndum, bæði þegar í stað og til lengri tíma. Skólameistari virkjar ráðið. Í því sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi, þroskaþjálfari, kennari, skólaritari, skólahjúkrunarfræðingur og forvarna- og félagsmálafulltrúi. Áfallaráðið getur einnig leitað til sóknarprests og formanns nemendafélagsins.¹³

2.3 Markmið og aðgerðir 2013–2014

Í viðauka með skólasamningi fyrir árin 2013 og 2014 voru sett fram átta tölusett markmið sem átti að ná á samningstímabilinu.¹⁴ Þau eru eftirfarandi og með hverju þeirra fylgir mat skólameistara FSH á því hvernig til tókst á árinu 2013:¹⁵

1. Efla endurmenntun kennara í þeim tilgangi að auka færni þeirra í að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum. Tilgreind eru fjögur undirmarkmið í þessum lið.
 - a. Að mati skólameistara náðust þessi markmið ágætlega þótt ekki hafi boðist tækifæri til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á tímabilinu. Hins vegar kom Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við menntavísindasvið HÍ, tvisvar og aðstoðaði við leiðsagnarmat og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Stjórnendur gerðu þarfagreiningu vorið 2013 þar sem kom fram að kennarar vildu gjarnan læra betur á Moodle. Það varð til þess að Valgerður Ósk Einarsdóttir, kennari við Menntaskólann á Tröllaskaga, kom í byrjun haustannar og kenndi hvernig hægt er að nota Moodle til að auka fjölbreytni í verkefnum og prófagerð.

¹¹ *Starfsmannastefna*. [Án árs].

¹² *Rýmingaráætlun*. (2013).

¹³ *Áfallaráð – verkferill*. (2014).

¹⁴ *Skólasamningur*. (2013).

¹⁵ Dóra Ármannsdóttir. (2014b). *Ársskýrsla 2013*, ótölusettar síður.

2. Bjóða nemendum hægferðir og hraðferðir í námi frá skólaárinu 2013–2014.
 - a. Í *Ársskýrslu 2013* segir skólameistari að umsjónarkennarar, námsráðgjafi og skólastjórnendur vinni saman að því að fylgjast með námsframvindu hvers nemanda á samningstímanum og grípi inn í ef ástæða þykir til.
3. Nýta styrkleika fámennra námshópa til að efla stuðning við hvern og einn nemanda.
 - a. Skólameistari segir umsjónarkennara, námsráðgjafa og stjórnendur funda reglulega og fara yfir mál þeirra nemenda sem standa höllum fæti. Á vorönn 2013 var stoðkennsla í stærðfræði sem nokkrir nýttu sér. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi tóku viðtöl við ólögráða nemendur. Fjarvistatalning er á þriggja vikna fresti og stjórnendur sendu foreldrum þeirra sem mikið voru búnir að skrópa bréf til að upplýsa þá um fjarvistir barna sinna. Einnig eru send út hrósbréf til foreldra og nemenda sem mæta vel í skólann.
4. Innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og hvetja kennara til að prófa nýjar leiðir í kennslu. Tilgreind eru tvö undirmarkmið í þessum lið.
 - a. Að mati skólameistara náðust bæði þessi markmið.
5. Kennarar leggi áherslu á að nota *leiðsagnarmat*, til að bæta kennsluaðferðir, námsmat og árangur nemenda með það að markmiði að hver og einn nemandi náí betri árangri í námi sínu. Tilgreint er eitt undirmarkmið í þessum lið.
 - a. Að mati skólameistara náðust þessi markmið aðeins að hluta til á árinu 2013 en þeim hefur miðað aðeins áfram síðan.
6. Kennarar orði með skýrum hætti í *námsáætlun* þær væntingar sem gerðar eru til nemenda um námsárangur. Tilgreint er eitt undirmarkmið í þessum lið.
 - a. Þessu markmiði átti að vera að fullu náð á haustönn 2014. Að sögn skólameistara náðist markmiðið ekki alveg. Tveir kennarar voru ekki með námsáætlanir samkvæmt samræmdu viðmiði um framsetningu á námsáætlunum.
7. Upplýsingar um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok séu skýrar og þeim komið á framfæri við nemendur með markvissum hætti. Tilgreind eru þrjú undirmarkmið í þessum lið.
 - a. Í *Ársskýrslu 2013* segir skólameistari að samkvæmt kennslukönnunum vor og haust 2013 hafi markmið um að allir kennarar skólans fari vandlega yfir námsáætlanir með nemendum á samningstímanum náðst, en markmið um að allir kennarar skoði mánaðarlega með nemendum hvernig starfinu miðar með hliðsjón af námsáætlun aðeins að hluta. Það leiddi til þess að síðasta undirmarkmiðinu um markvissa leiðsögn og hvatningu kennara varð ekki náð.
8. Kennarar skólans ígrundi árangur af starfi sínu með markvissum hætti með það að markmiði að ná enn betri árangri með nemendum.
 - a. Um þetta segir skólameistari að innan við helmingur kennara hafi skilað áfangaskýrslu vorið 2013. Upp kom ágreiningur sem enn á eftir að leysa þar sem fáeinir kennarar telja sér ekki skylt að skila svona skýrslu án þess að fá greitt fyrir. Í *Ársskýrslu 2013* segir að stefnt sé að kynningu/námskeiði í að þróa færni í að beita aðferðafræði starfendarannsókna á starfsdögum vor og haust 2014. Af því varð samt ekki.

2.4 Bókasafn

Í FSH er starfrækt skólabókasafn og upplýsingaþjónusta svo sem lög gera ráð fyrir. Safnið er til húsa á efri hæð skólans fyrir ofan aðalinngang nemenda. Það er opið á meðan kennsla stendur yfir frá mánudegi til föstudags. Þar eiga allir nemendur jafnan rétt á endurgjaldslausri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Starfsmaður er einn, yfirmaður skólasafns. Hann er

bókasafns- og upplýsingafræðingur í 60% stöðugildi. Hlutverk hans er meðal annars að veita nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum virka upplýsingaþjónustu og stuðla þannig að upplýsingalæsi og samþættingu sjálfstæðrar þekkingarleitar og kennslugreina.

Bókasafnið er búið bókum, tímaritum, myndefni og öðrum safnkosti er tengist skólastarfi. Skráðir hafa verið tæplega 5000 titlar, allt með rafrænum hætti. Jafnframt er veittur aðgangur að rafrænum gögnum innan skóla og á netinu. Föst fjárveiting í bókakaup er u.þ.b. 350–370 þúsund kr. á ári. Upphæðin hefur lítið breyst í mörg ár. Að mati yfirmanns skólasafns mætir safnið góðum skilningi af hálfu yfirstjórnar skólans. Aðallega eru keypt rit sem styðja við kennsluna, mest íslenskt efni nema það sem kennarar biðja um að keypt sé erlendis frá. Minna er um kaup af fagurbókmenntum. Á undanförunum árum hefur verið skorið niður í tímaritakaupum.

Á bókasafninu eru 24 sæti. Þar eru fjórar nemendatölvur, prentari og skanni auk ljósritunarvélar sem nemendur hafa aðgang að.¹⁶ Dagleg nýting nemenda á safninu er mjög misjöfn eftir önnum og námsgreinum. Að sögn yfirmanns þess nýta nemendur bækur minna til heimildaleitar en áður því þeir nota netið meira. Ekki fer fram bein safnkennsla heldur koma nýnemar í heimsókn þar sem farið er yfir helstu atriði. Þá gengur forstöðumaður í kennslustundir og kynnir Gegni og leitir.is. Hann segist mjög ánægður með nýnemana núna. Þeir komi oft til að lesa og læra saman.

2.5 Tölvur og upplýsingatækni

Allar kennslustofur eru búnar tölvu og skjávarpa og þá leggur skólinn öllum kennurum til fartölvu sem vinnutæki. Ein tölvustofa er til afnota fyrir nemendur þegar hún er ekki í annarri notkun (kennslu) og gilda um hana sérstakar reglur. Kennarar með hópa hafa forgang að tölvustofu á opnunartímum. Nemendur með fartölvur hafa samband við kerfisstjóra til að fá aðgang að þráðlausa netinu. Umsjón þess og kerfisstjórn er í höndum Advania.¹⁷

Að sögn umsjónarmanns tölvukerfisins er ástandið á víraða netinu frekar gott. Nýbúið er að skipta um eða þrjóna við það stykki fyrir stykki út um allan skóla. Hins vegar sé þráðlausa netið, sem er til afnota fyrir nemendur og starfsfólk, frekar slápt. Sendarnir virðast ekki ráða við alla þá umferð sem um snjallsíma og fartölvur fer.

Kennsluumhverfið er Moodle. Það gengur vel og umsjónarmaður tölvukerfis heldur ekki námskeið um notkun þess því þörfin virðist ekki vera til staðar. Hann vill gjarnan hafa meiri tíma til að þjónusta kennara og nemendur en kerfið gengur þó áfallalaust. Skráðar notkunarreglur fyrir nemendur eru til en það er ekki alltaf farið eftir þeim að sögn umsjónarmanns. Flestir mæta með tölvur í kennslustundir en ekki hefur verið mótuð stefna um það hvort nemendur þurfa þeirra með fyrir nám sitt.

Annað slagið kemur upp umræða um hvernig hægt sé að nýta tölvur við kennslu. Að mati umsjónarmanns tölvukerfis er almenn tölvukunnátta nemenda takmörkuð. Þeir séu ekki sterkir í tölvulæsi og þekki aðeins fá tölvuforrit. Allir vafri á netinu en öðru er ýtt til hliðar. Hann segir nemendur örugglega nota netið til að hlaða niður efni sem ekki varðar námið. Stundum hefur verið rætt um að loka fyrir samskiptamiðla og tilraunir gerðar til þess að loka fyrir fésbók en nemendur voru fljótir að finna leið framhjá því. Nemendur fá prentkvóta og það fyrirkomulag gengur ágætlega.

Að sögn skólameistara varð ákveðin stöðnun í kerfismálum skólans eftir fjármálahrúnið 2008 en undanfarið hefur verið unnið markvisst að því að bæta tölvukerfi hans. Fyrir einu og hálfu ári var samningur gerður við Advania um að taka við umsjón þess og færa það í nútímalegra horf. Tölvur starfsmanna hafa verið endurnýjaðar eftir því sem fjárhagur hefur

¹⁶ *Bókasafn*. (2013).

¹⁷ *Tölvur*. [Án árs].

leyft og hlustað á óskir starfsmanna í þeim efnum. Að jafnaði eru tölvur kennara 5–8 ára. Í seinni tíð hefur sífellt minni þörf verið fyrir borðtölvur handa nemendum. Endurnýjun á þeim hefur þó átt sér stað að nokkru leyti, t.d. voru nýlega keyptar vélar fyrir starfsbrautarnemendur.

2.6 Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafar eru trúnaðar- og talsmenn nemenda. Í FSH er starfandi einn náms- og starfsráðgjafi í 30% stöðuhlutfalli. Viðkomandi er þó ekki menntaður sem slíkur. Hlutverk hans er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum og öðrum sérfræðingum innan og utan skóla að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda og hefur það að markmiði að skapa hverjum nemenda sem bestar námsaðstæður.

Nemendur leita til námsráðgjafa vegna persónulegra málefna, vegna námsörðugleika, til þess að afla sér upplýsinga um bætta námstækni, til þess að fá aðstoð við gerð tímaáætlana, til þess að taka áhugasviðspróf, o.fl.¹⁸ Þeir koma ýmist að eigin frumkvæði eða námsráðgjafi hefur samband við þá, jafnvel eftir ábendingar frá kennara. Oftar þarf að sækja drengi en stúlkur. Að sögn starfandi námsráðgjafa er erfitt að gera greinarmun á persónulegum vanda og námsvanda. Persónuleg vandamál eru oft svefnvandamál vegna áreitiss. Eitt og eitt vandamál kemur upp vegna vímuefnaneyslu nemenda og koma þau yfirleitt í ljós vegna mætinga.

2.7 Mötuneyti

Hvorki er mötuneyti fyrir nemendur né kennara í húsnæði FSH. Nemendur hafa aðstöðu til þess að borða nesti sitt í matstofu í kjallara en kennarar borða á kennarastofu. Í Borgarhólsskóla er nýendurgert mötuneyti sem margir nemendur FSH nýta sér í hádegi því skammt er milli skólanna. Skólaritari annast skráningu þeirra sem það gera. Starfsmenn geta einnig borðað í Borgarhólsskóla ellegar pantað sér heitan mat sem kemur úr eldhúsi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Af skólans hálfu er það hlutverk forvarnafulltrúa að reyna að sjá til þess að boðið sé upp á eins fjölbreytt og hollt fæði og kostur er í sjoppu skólans í samstarfi við þá aðila sem um hana sjá. Einnig reynir skólinn að tryggja að aðgengi að drykkjarvatni sé gott og að veitingar á fundum eða viðburðum á hans vegum taki mið af fjölbreytni og hollustu.¹⁹

2.8 Skrifstofa

Á skrifstofu FSH starfa fjármálastjóri í 50% starfi og skólafulltrúi í 60% starfi. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjármálum og rekstri skólans og sjóða innan hans. Hann sér um innheimtu og greiðslu gjalda, bókhald og reikningsuppgjör og hann annast fjárhald fyrir nemendafélagið. Skólafulltrúi annast almenn ritarastörf, upplýsingagjöf og þjónustu við nemendur, starfsfólk og ýmsa hagsmunaaðila. Starfslýsingar þeirra og ellefu annarra skilgreindra starfa eru á heimasíðu skólans.²⁰

¹⁸ Námsráðgjafi. [Án árs].

¹⁹ Heilsu- og forvarnarstefna Framhaldsskólans á Húsavík. [Án árs].

²⁰ Starfslýsingar. [Án árs].

2.9 Mat úttektaraðila

- Húsnæði Framhaldsskólans á Húsavík rúmar auðveldlega þá starfsemi sem þar fer fram og þann nemendafjölda sem í því er.
- Stefnuskjöl skólans eru að jafnaði markviss og skýr.
- Markmið í skólasamningi eru skipulega sett fram og vel að þeim unnið. Ljóst er að þau munu ekki nást öll á samningstímanum (gildir til ársloka 2014) og hugleiða þarf hver þeirra beri að taka upp í nýjum samningi og hvernig best sé að vinna að innleiðingu þeirra.
- Vel er sinnt um bókasafn skólans þrátt fyrir lágt starfshlutfall forstöðumanns þess. Safnið býr við þröngan húsakost og er á óhentugum stað í húsinu.
- Bæta þarf þráðlaust netsamband í húsum skólans.
- Umsjón með tölvukerfi skólans er góð en fjárskortur hamlar nægilegri endurnýjun.
- Námsráðgjöf er vel sinnt.
- Mötuneytismál nemenda eru í góðu lagi.

3 Nám og kennsla

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur sett sér menntasýn sem byggir á einkunnarorðunum frumkvæði, samvinna og hugrekki. Þessi sýn er birt á heimasíðu skólans og til hennar er vísað sem grundvallar að námi og kennslu. Menntasýnin er útfærð með eftirfarandi hætti:

- FSH leggur áherslu á að efla frumkvæði nemenda með það að markmiði:
 - Að hlúa að styrkleikum hvers og eins, hvetja til skapandi hugsunar og skapandi starfs.
 - Að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.
- FSH leggur áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa með það að markmiði:
 - Að þjálfar nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun.
 - Að þroska með nemendum hæfileika til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum.
 - Að þroska skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að nemendur fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa. Að nemendur efli samskiptahæfni með því að vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum.
 - Að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda.
- FSH leggur áherslu á að efla hugrekki nemenda í daglegu starfi með það að markmiði:
 - Að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu.
 - Að nemendur fái þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.
 - Að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lifa heilbrigðu lífi.²¹

Menntasýninni er fylgt eftir með markmiðssetningu í tíu liðum sem eiga að vera leiðarljós í daglegu starfi og einkenna um leið góðan skóla. Þessi markmiðum er ætlað að vísa til allra þátta í starfi skólans, þ.e. náms, kennslu, námsmats, innra mats, aðstöðu, þjónustu, stjórnunar, reksturs, staðblæs og samskipta.²²

Skilgreind markmið skólans um nám eru sett fram í átta liðum. Þar segir að námið skuli vera fjölbreytt og mæta ólíkum þörfum og áhugasviðum nemenda; það á að vera krefjandi og leiða til virkrar þátttöku, vinnusemi, sjálfstæðra og agaðra vinnubragða og góðs árangurs; það á að vera þroskandi og miðast við að efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda, siðferðiskennd þeirra og persónuþroska í öllum daglegum samskiptum; það á að vera skapandi og hvetjandi til gagnrýnninnar hugsunar; það á að vera lýðræðislegt svo nemendur fái tækifæri til þess að hafa áhrif á nám sitt og námsumhverfi, starfa saman á jafnréttisgrundvelli, læri að setja sig í spor annarra og þroski með sér réttlætiskennd og aukna samskiptahæfni; það á að þjálfar læsi þar sem lögð er áhersla á þekkingu, hæfni og leikni nemenda í að lesa og skilja eigið tungumál, erlend tungumál auk gagna og upplýsinga í ýmsu formi; það á að vera í tengslum við nærsamfélagið og leitast við að tengja viðfangsefni skólastarfsins sögu, menningu, atvinnulífi, náttúru og umhverfi nemenda eins og því verður best við komið.²³

3.1 Skólanámskrá

Í 22. grein laga um framhaldsskóla segir að sérhver framhaldsskóli skuli gefa út skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð

²¹ Menntasýn Framhaldsskólans á Húsavík. (2014).

²² Markmið Framhaldsskólans á Húsavík. (2014).

²³ Nám. (2014).

grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.²⁴

Skólanámskrá FSH er veflægt skjal á heimasíðu skólans í þremur meginhlutum. Í hinum fyrsta er almenn lýsing á skólanum, stefnumiðum hans og markmiðum, greint er frá stjórnun og starfsliði, helstu stefnuskjölum, skólareglum, innritun nýnema o.fl. Þessi hluti námskrárinnar eru ítarlegur og í meginatriðum er auðvelt að rata um hann út frá efnisorðum á spássíu. Annar hluti skólanámskrárinnar greinir frá námsframboði og í honum eru birtar áfangalýsingar, sagt frá námsmati, skólasóknarreglum o.fl. Í þriðja hluta er sagt frá þjónustu bókasafns, skrifstofu, námsráðgjafa o.fl. aðila innan skólans. Í reynd má segja að skólanámskrá FSH flæði yfir alla heimasíðu skólans og ekki er auðvelt að greina hvað tilheyrir henni sérstaklega og hvað ekki.

Skólaskýrsla hefur verið tekin saman árlega síðustu fjögur ár og liggur hún á vef skólans.²⁵ Í henni eru teknar saman margvíslegar upplýsingar um skólastarfið og að sögn skólameistara er hún hin þarfasta handbók.

Unnið er að endurskoðun skólanámskrárinnar á grundvelli nýrrar aðalnámskrár og vonast er til að kennsla hefjist samkvæmt nýrri skólanámskrá haustið 2015 (sjá kafla 3.5).

3.2 Námsbrautir

Stúdentsprófsbrautir í FSH eru tvær, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut, 140 einingar hvor. Við hlið þeirra er boðið viðbótarnám til stúdentsprófs sem ætlað er nemendum er ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi og vilja hafa fullnægjandi undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Hlutfallslega fleiri stúlkur sækja samfélagsbraut en náttúrufræðibraut sem virðist höfða fremur til drengja.

Auk stúdentsbrautanna eru þrjár aðrar bóklegar brautir. Almenn braut er ætluð þeim sem eru með grunnskólaeinkunnir undir viðmiði stúdentsbrauta í íslensku, stærðfræði og ensku, eða nemendur eru óákveðnir um brautarval, eða sem undirbúningur iðnnáms eða listnáms við aðra framhaldsskóla. Ljúka þarf 25 einingum hið minnsta til þess að ljúka námi af almennri braut.²⁶ Þá segir á heimasíðu FSH að samsíða brautinni sé rekin almenn braut – endurmenntun (30 einingar) sem sé „samstarfsverkefni Félags- og skólajónustu Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík. Einnig segir þar að verkefnið sé fyrst og fremst endurhæfingarúræði fyrir þá sem hafa verið á örorkubótum og eru á endurhæfingarörorku.“²⁷ Þessi námsbraut var starfrækt við skólann í nokkur ár en ekki lengur og verður að sögn skólameistara tekin út úr nýrri skólanámskrá. Fleiri drengir en stúlkur hafa sótt nám á almennum brautum.

Framhaldsbraut er 70 eininga námsleið þar sem áhersla er lögð á „að efla sjálfsmynd nemenda, sjálfstraust og samskiptahæfni og stuðla að auknum persónuþroska jafnframt því að gera nemendur hæfari til að takast á við áskoranir og verkefni daglegs lífs. Brautin hentar þeim sem vilja undirbúa sig fyrir list- eða verknám á framhaldsskólastigi en einnig fyrir þá

²⁴ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

²⁵ Skólaskýrslur. (2014).

²⁶ Almenn námsbraut. [Án árs].

²⁷ Almenn námsbraut AE. [Án árs].

sem ekki hyggja á önnur námslok. Ýmsir áfangar á brautinni eru einnig á stúdentsbrautum og nýttast ef námi er haldið áfram á þeim.²⁸ Eingöngu drengir hafa enn valið námsbrautina.

Að sögn aðstoðarskólameistara er framhaldsbraut byggð á háleitum hugmyndum. Í staðinn fyrir að búa til braut með hægferðum eins og til eru í mörgum skólum eru nemendur hvíldir á þeim greinum sem þeir hafa verið að hökta í en áhersla fremur lögð á annars konar nám, s.s. lífsleikni, smáviðhald, listir og menningu og mat og menningu. Greinar er snerta daglegt líf og það að njóta.²⁹ Að auki er þess freistað að brautin hafi skýr samlegðaráhrif við aðrar námsbrautir. Að námi loknu brautskrást nemendur með framhaldsskólapróf.

Skilgreindar starfsnámsbrautir og brúarnám eru tíu: félagsliðabraut; félagsliðabraut – brú; námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum; námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum – brú; námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum; námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum – brú; skólaliðabraut; skólaliðabraut – brú; sjúkraliðabraut; sjúkraliðabrá. Þessar námsbrautir eru mislangar, 25–120 einingar, hver. Sjúkraliðabrautin er lengst, skólaliðabraut – brú styst. Allar þessar brautir hafa nánast eingöngu höfðað til kvenna en skv. upplýsingum frá skólameistara hafði á árabílinu 2009–2014 aðeins einn drengur skráð sig í starfsnámsbrautir skólans (félagsliðabraut). Árin 2013 og 2014 voru starfsnámsbrautir ekki starfræktar og virðist vinnumarkaðurinn mettaður að sinni.

Ótalin er starfsbraut sem „er námstilboð fyrir nemendur sem geta einhverra hluta vegna ekki nýtt sér almenn tilboð framhaldsskólans. Námið er einstaklingsmiðað og er bæði bóklegt og verklegt. Námið getur verið mjög breytilegt milli anna eða ára. Meginmarkmið starfsbrautar er að efla nemendur til virkrar þátttöku í samfélaginu og gera þá sem mest sjálfbjarga í athöfnum daglegs lífs.“³⁰ Starfsbrautin er hluti af reglubundnu starfi FSH og skólaárið 2014–2015 eru fimm nemendur við nám á henni (tafla 1).

Tafla 1 Aðsókn á námsbrautir FSH vor og haust 2010–2014.³¹

Námsbraut:	2010		2011		2012		2013		2014	
	V	H	V	H	V	H	V	H	V	H
Almenn námsbraut	16	29	7	14	11	18	12	18	24	10
Félagsfræðibraut	58	43	60	63	61	46	40	38	41	31
Framhaldsbraut										4
Félagsliðabraut		10	10	26	11	14	4	4		
Grunnskóladeild		4	4			2	2	1	1	1
Leikskólaliðabraut	20	19	15	15	14					
Náttúrufræðibraut	33	32	33	38	39	33	34	35	32	40
Ótilgreind námsbraut	6	8	8	8	11	10	6	6	19	9
Sjúkraliðabraut	9	7	6	6	5	1	1			
Skrifstofu- og tölvubraut	1									
Starfsbraut	4	3	2	5	5	6	6	7	7	4
Stuðningsfulltr. í grunnskólum			1							
Viðbótarnám /tæknistúdent	1	2	4	4	3	5	4	2	1	2
Alls:	148	157	150	179	160	135	109	111	125	101

Áhugi er fyrir því að þróa frekara nám við skólann en nemendafæð stendur þeim hugmyndum fyrir þrifum. Í samtölum við yfirstjórnendur kom fram að áhugi sé fyrir einhvers

²⁸ Framhaldsbraut. [Án árs].

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Starfsbraut. [Án árs].

³¹ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

konar námi sem tengist ferðamennsku og/eða matvælaíðnaði því báðar atvinnugreinarnar eru fyrirferðarmiklar í bænum. Einnig bar á góma hugsanlegt nám í málmiðnaði sem tengdist meðal annars verðandi atvinnuuppbyggingu á Bakka. Að jafnaði er miðað við að áfangi sé ekki kenndur nema með tíu nemendum hið minnsta en frá þeirri reglu þarf þó stundum að víkja svo nemendur geti lokið námi af tilteknum brautum.

Á heimasíðu FSH eru allir námsáfangar sem í boði eru í skólanum kynntir, hver og einn sem sjálfstæð heild með áfanganúmeri. Áfangarnir hafa hins vegar ekki verið tengdir við hæfniprep í samræmi við ákvæði í *Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla 2011*.³² Að því er nú unnið við endurgerð skólanámskrár.

3.3 Fjarnám

Framhaldsskólinn á Húsavík býður upp á fjarnám en það stunda fáir nemendur. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara eru þeir aðeins sex á haustönn 2014. Markmiðið með fjarnáminu er að bjóða framhaldsnám óháð stað og tíma.

Fjarnámið fer að mestu leyti fram á netinu um kennsluvefinn Moodle og er mögulegt að taka flesta dagskólaáfanga á þeirri önn sem þeir eru kenndir í staðarnámi. Fjarnemum er heimilt að sækja tíma ef og þegar þeir geta en námstilboðið er að öðru jöfnu ekki ætlað nemendum í dagskóla. Námið er hugsað sem sjálfsnám undir handleiðslu kennara og krefst mikils aga og skipulagningar af hálfu nemenda og kennara.

Af hálfu skólans er þess krafist að fjarnemar hafi daglegan aðgang að nettengdri tölvu með vafra sem les Moodle umhverfið án vandkvæða; að nemarnir hafi lágmarkskunnáttu í tölvunotkun, þ.m.t. ritvinnslu; að nemarnir hafi tíma til að stunda námið og að þeir hafi „nokkra æfingu í að nota veraldarvefinn og í framhaldi af því að geta tileinkað sér að vinna í Moodle kennsluumhverfinu. Þar eru m.a. bókalistar, námsáætlanir, verkefni, gagnvirk próf og ítarefni allra áfanga, sem kenndir eru í fjarnámi hverju sinni.“³³

Á heimasíðu skólans eru greinargóðar leiðbeiningar um frekara fyrirkomulag og framkvæmd námsins.

3.4 Kennsluhættir

Í skólanámskrá FSH er mörkuð stefna um kennsluhætti í skólanum. Framsetningin er afdráttarlaus. Þar segir:

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er kennsla:

- a) Fjölbreytt, þar sem leitast er við að haga kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.
- b) Einstaklingsmiðuð, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.
- c) Áhugavekjandi, þar sem lögð er áhersla á virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.
- d) Hvetjandi og uppbyggjandi, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika og kennari vænti ætíð árangurs.
- e) Skipuleg og markviss, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.
- f) Í tengslum við nærumhverfið, þar sem viðfangsefni tengjast nærsamfélaginu og auka þannig skilning og virðingu nemenda fyrir þeirra nánasta umhverfi.

³² *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*. (2011), bls. 52.

³³ *Fjarnám*. [Án árs].

- g) Í takti við tímann, þar sem tekið er mið af nýjungum á sviði kennsluhátta og upplýsinga-tækni.³⁴

Að sögn kennara fer ekki fram skipuleg umræða innan skóla um kennsluhætti og í rýnihópi þeirra kom fram bein andstaða við íhlutun í vinnubrögð þeirra. Mikilvægt sé að hver og einn hafi svigrúm til að kenna með þeim hætti sem hann telur árangursríkast hverju sinni. Hins vegar hefur að þeirra sögn mikið verið rætt um hvernig eigi að nota síma, tölvur og spjaldtölvur í kennslu þar sem nemendur eru almennt með þessi tæki með sér. Engin niðurstaða hefur fengist fyrir skólann í heild önnur en sú að það er verkefni hvers kennara að ákveða það. Af þessum sökum er tölvunotkun ekki hluti af ímynd skólans. Það er hins vegar miðlæg ákvörðun að nota kennsluumhverfið Moodle til að birta nemendum efni, s.s. kennsluáætlanir og verkefni, en engin stefna verið mótuð um víðtækari notkun þess.

Í sjálfsmati FSH skólaárið 2013–2014 var sjónum meðal annars beint að kennsluháttum kennara. Í niðurstöðum sjálfsmatshópsins kemur fram að úrbóta er þörf og eftirfarandi athugasemdir og tillögur gerðar:

- Kennslan á að vera hvetjandi og uppbyggjandi þannig að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileikum.
- Kennarar bæti kennsluaðferðir t.d. að nota fjölbreytta kennsluhætti svo að allir nemendur tileinki sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.
- Kennarar vinni meira saman innan greinanna og þverfaglega og skiptist á hugmyndum um nýjungar í kennsluháttum t.d. í rýnihópum.
- Kennarar nýti vefræna miðla til að fræðast um kennsluhætti.
- Kennarar leggi áherslu á nýsköpun á sem flestum sviðum og reyni þannig að gera námið áhugavekjandi, einnig geta kennarar tengt námsefnið nærumhverfi nemandans og þannig aukið skilning og virðingu fyrir nánasta umhverfi.
- Athugandi væri að kennarar skólans ynnu saman t.d. tveir og tveir, sætu tíma hjá hver öðrum og ræddu kennsluaðferðir. Bæði það sem vel er gert og það sem betur mætti fara.³⁵

Í skýrslu sjálfsmatshópsins segir ennfremur að umræður um niðurstöður kennslukannana vanti á kennarafundi. Formaður sjálfsmatsnefndar fer þó yfir niðurstöður slíkra kannana á hverri önn. Þá er í skýrslunni bent á að úrbótatillögur matsnefndar þurfi að koma skipulega til framkvæmda en þar finnst nefndinni á skorta. Hún getur þess einnig að sömu eða svipaðar tillögur hafi áður verið settar fram af hennar hálfu en það vanti að þær séu ræddar til fullnustu innan kennarahópsins.

Um kennsluáætlanir og gerð prófa er ekki fjallað í skólanámskrá umfram það sem segir í starfslýsingum kennara og brautarstjóra. Grunnábyrgðin á samningu hvors tveggja er hjá kennurum. Nemendur segja kennara ganga almennt skipulega til verks og setja fram áætlanir með fyrirvara um breytingar sem gerist of oft. Nemendur fá hins vegar ekki tækifæri til að gera athugasemdir við áætlanir.

Í rýnihópi nemenda kom fram jákvæðni í garð kennsluhátta í skólanum. Þeir segja kennara nýta sér bæði glærur og töflur. Verklagið sé samt misjafnt eftir námsgreinum og kennurum. Í sumum námsgreinum, aðallega á náttúrufræðibraut, segja þeir mikið um fyrirlestra, í öðrum greinum vinna þeir meira sjálfir. Þeir eru ánægðir með Moodle sem er bæði þægilegt og mikið notað. Nemendur segja eigin tölvunotkun í kennslustundum litla en kennarar láti vita fyrirfram ef nota þarf tölvur, t.d. í landafræði og sögu. Þar eru ákveðnir verkefnadagar og þá mæta nemendur með sínar tölvur. Þeir segja að í upphafi haldi nýnemahópurinn að mestu saman eins og bekkur. Smám saman breytist þetta og þeir fara að

³⁴ Kennsla. (2014).

³⁵ Sjálfsmatsskýrsla FSH 2013–2014. (2014), bls. 8.

blandast öðrum nemendum skólans í áföngunum. Kveða þeir gott að taka breytinguna úr bekkjarkerfi grunnskólans í áfangakerfi framhaldsskólans í smáum skrefum. Í reynd séu þeir þó alltaf með þeim sömu vegna smæðar samfélagsins.

Heimavinna er lítil að mati nemenda. Mest af náminu er leyst af hendi í skólanum og almennt telja þeir námsaðstöðuna góða. Að sögn skólameistara hefur töluvert verið rætt um heimavinnu nemenda á kennarafundum. Kennarar hafa verið sammála um að gæta þess að vinnudagur nemenda sé ekki lengri en 6–8 stundir. Heimanám er misjafnt eftir áföngum, almennt hafa kennarar haft þá stefnu að vinnan fari fram í skólanum en bókmenntir eru t.d ekki lesnar í kennslustundum.

3.4.1 Námsmat

Umfjöllun um námsmat í kaflanum um markmið er sett fram með sams konar hætti og áður segir um kennsluhætti. Umræða um mat og matsaðferðir er þar engin heldur er fullyrt um framkvæmdina. Orðrétt segir:

Við námsmat er leitast við að hafa leiðsagnarmat að leiðarljósi sem er ein tegund af símati.

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er námsmat:

- a) Í samræmi við lærdómsviðmið áfangans eins og þau eru skilgreind í námsáætlun.
- b) Lýsandi og greinandi og veitir nemendum skýrar upplýsingar um stöðu þeirra í viðkomandi námsgrein, jafnt styrkleika sem veikleika.
- c) Fjölbreytt og tekur mið af mismunandi hæfileikum nemenda.³⁶

Nánar er fjallað um námsmat í FSH á öðrum stað í skólanámskránni og þar kemur meðal annars fram að áhersla er lögð á að námsmat taki til þekkingar, færni, skilnings og viðhorfa. Sagt er að æskilegt sé að hafa matið fjölbreytt og það geti til dæmis farið fram sem símat á öllum námstímanum, sem munnleg eða skrifleg yfirlitspróf námsáfanga, sem mat á verkefnum og vinnuferli og/eða sem sjálfsmat nemandans. Þá „ber að meta hæfileika nemenda til samstarfs með öðrum, virkni í hópvinnu, frumkvæði, hugmyndaauðgi, sköpun, og sjálfstæði í vinnubrögðum. Símat á námstímanum á að vera upplýsandi fyrir nemanda og foreldra hans. Það gefur til kynna hvaða námsmarkmiðum hefur verið náð, hvað þurfi að bæta og hvaða leiðir nemandinn getur farið til að styrkja stöðu sína.“³⁷

Á sama stað er tekið fram að vægi yfirlitsprófs í lok annar skuli vera á bilinu 50–80% af lokaekinn og mælt fyrir um að vægi einstakra námsþátta til mats komi fram í kennsluáætlun. Við námsmat í verkefna- og verklegum áföngum er ekki krafist yfirlitsprófs í annarlök og skólasókn á ekki að hafa vægi til mats.

Kennurum ber að meta stöðu nemenda um miðja námsönn og þá eru einkunnir gefnar í bókstöfum en ella í tölum. Það mat er ekki hluti af annareinkunn.

Í rýnihópi nemenda var óskað eftir auknu símati. Að þeirra mati er algengara að það sé notað á félagsfræðibraut en á náttúrufræðibraut. Þar séu frekar stór lokapróf sem gott væri að losna við og leysa fremur fleiri verkefni í staðinn.

Að sögn skólameistara og aðstoðarskólameistara er unnið að þróun leiðsagnarmats í skólanum en ágreiningur er í kennarahópnum um hvort stefna beri að fækkun lokaprófa jafnframt. Það sé hins vegar skýr vilji nemenda að auka símat og draga samhliða úr vægi prófa til einkunnar en í könnun sem gerð var meðal nemenda haustið 2014 kváðust 80% þeirra sammála því að draga eigi úr prófum í annarlök og auka vægi verkefna eða hlutaprófa.³⁸ Til að innleiða leiðsagnarmat hafa kennarar fengið fræðslu um það og þeir hafa

³⁶ *Námsmat*. (2014).

³⁷ *Námsmat*. [Án árs].

³⁸ *Sjálfsmat. könnun meðal nemenda haustið 2014*. (2014).

farið í heimsóknir í aðra skóla til að kynna sér framkvæmd slíks mats. Stigin hafa verið skref í skólanum til skipulegrar notkunar á leiðsagnarmati og hafa þeir kennarar sem mestan áhuga hafa stutt hvern annan í þeirri vinnu.

Sérstök ákvæði eru um mat á félagsstörfum og fyrir þátttöku í félagslífi. Mest er hægt að fá þrjár einingar metnar fyrir formennsku í nemendafélagi skólans og sama gildir um reglulega þjálfun og þátttöku í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Önnur félagsstörf sem meta má til eininga eru til dæmis seta í stjórn nemendafélagsins, seta í stjórnnum klúbba, þátttaka í undankeppni og síðan landskeppni í söngkeppni framhaldsskólanna og reglulegar æfingar og söngur í skólakór.³⁹

3.5 Þróunarverkefni

Kennarar segja skólameistara mjög hvetjandi um skólaþróun. Þátttaka í skólaþróunarverkefnum er af ýmsu tagi og fastur liður í starfsemi FSH. Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara var unnið að sex slíkum verkefnum skólaárið 2013–2014 og eiga sum þeirra sér lengri sögu og/eða standa enn. Þau verkefni sem skólameistari tilgreindir eru eftirfarandi:⁴⁰

- Þverfaglegur áfangi, *Listir, menning og vísindi*, var kenndur í fyrsta skipti á skólaárinu 2013–2014. Þar tengjast námsgreinarnar samfélagsfræði, saga og náttúrufræði í þeim tilgangi að nemendur fái yfirsýn yfir hvernig list og hönnun hefur þróast í samhengi við þróun vísinda. Jafnframt er íslenska fléttuð saman við efni áfangans í þeim tilgangi að leiðbeina um meðferð talaðs máls og ritaðs í verkefnavinnu áfangans. Loks fá nemendur þjálfun í notkun ýmiss konar upplýsingatækni til að auðvelda öflun og miðlun hvers kyns þekkingar. Á vorönn 2014 gerði Laufey Petrea Magnúsdóttir, fyrrverandi skólameistari FSH, mat á áfanganum í tengslum við námskeið á meistarastigi við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á skólaárinu 2014–2015 er unnið að áframhaldandi þróun áfangans og er leitast við að vinna í samræmi við ábendingar í nefndu matsverkefni.
- Á vorönn 2014 hélt Lilja Ólafsdóttir, aðstoðarskólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, stutt námskeið um leiðsagnarmat og kom það í kjölfar tveggja örnámskeiða sem Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við menntavísindasvið HÍ, hélt árið áður. Á vorönn 2013 heimsóttu kennarar Menntaskóla Borgarfjarðar og kynntu sér m.a. leiðsagnarmat í þeim skóla. Innleiðing leiðsagnarmats við FSH stendur enn og á haustönn 2014 heimsóttu kennarar Menntaskóla Snæfellinga í Grundarfirði til að kynna sér notkun leiðsagnarmats þar. Stefnt er að innleiðingu slíks mats í sem flestum áföngum.
- Brautarlýsing framhaldsbrautar var upphaflega unnin skólaárið 2010–2011 en vegna bágrar fjárhagsstöðu var ekki farið af stað. Breytingar voru gerðar 2013–2014 með það í huga að áfangar nýtist á öðrum námsbrautum. Kennsla hófst á haustönn 2014 en þar sem aðeins fjórir nemendur eru á brautinni er ljóst að ef ekki verður tekið sérstakt tillit til hennar í fjárveitingum mun reynast erfitt að halda henni úti. Markmiðið er að þjóna nemendum sem ekki hafa skilgreinda fötlun en geta samt sem áður illa nýtt sér almennt bóknám.
- Frá haustönn 2009 hefur verið unnið að endurskoðun á námsframboði. Á skólaárinu 2013–2014 var unnið að gerð brauta- og áfangalýsinga og stendur sú vinna enn. Miðað er við að stúdentspróf verði 240 framhaldsskólaeiningar og námstími fari eftir getu og áhuga hvers og eins. Nú eru brautarlýsingar nokkurn veginn tilbúnar en eftir

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

er að vinna um helming áfangalýsinga. Vonast er til þess að hægt verði að hefja kennslu samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.


- Verkefnið *Heilsumarkmiðin mín* fór af stað á skólaárinu 2013–2014 og voru þátttakendur í því nýnemar. Umsjón var í höndum fjögurra starfsmanna FSH, þ.e. námsráðgjafa (sem einnig er næringarfræðingur), íþróttakennara, sálfræðikennara og skólahjúkrunarfræðings. Námsráðgjafi fór með verkefnisstjórn. Náin samvinna var höfð við stýrihóp Heilsueflandi framhaldsskóla, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Háskóla Íslands. Markmiðið var að nemendur yrðu sér meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og að þeir tækju aukna ábyrgð á eigin lífi til framtíðar. Í lok vorannar 2014 var verkefnið metið og kom í ljós að um helmingur nemenda gat hugsað sér að nýta sér þá færni sem ávannst af verkefninu til áframhaldandi markmiðssetningar í lífstílstengdum þáttum. Skólaárið 2014–2015 er haldið áfram og eru þátttakendur í tveimur hópum; annars vegar nýnemar og hins vegar eldri nemendur. Verkefnið tengist náið lýðheilsuverkefni um heilsueflandi framhaldsskóla sem lýst er hér fyrir aftan.
- Á skólaárinu 2013–2014 tók FSH þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* en skólinn hefur verið með frá upphafi þess. Komið var að geðræktarhluta verkefnisins sem snýst um að skapa jákvæðan skólabrag sem einkennist af jafnrétti, virðingu og umhyggju auk þess sem áhersla er lögð á að mörkuð sé skýr stefna í eineltismálum og að þekkingu og þjálfun sé miðlað til nemenda og starfsfólks um hvernig hægt sé að hlúa að eigin geðheilsu og annarra. Hluti af vinnunni fólst í verkefninu *Heilsumarkmiðin mín* sem lýst er hér að framan. Á skólaárinu 2014–2015 er haldið áfram og er skólinn staddur í lífstílhhluta verkefnisins. Þegar hafa verið fengnir fyrirlesarar sem haldið hafa fræðsluerindi um forvarnir og kynheilbrigði auk þess sem nemendur og starfsfólk fóru á haustdögum saman í svokallaða haustlitagöngu þar sem áhersla var lögð á hreyfingu og samveru. Það er álit skólastjórnenda að jákvæðni ríki meðal nemenda og starfsfólks í garð verkefnisins og að það hafi haft góð áhrif á almenna líðan þeirra sem skólann stunda.

3.6 Mat úttektaraðila

- Menntasýn FH er metnaðarfull og henni fylgir skýr markmiðssetning.
- Sjálfsmat skólans bendir til að vinna þurfi að markvissri þróun kennsluhátta. Fylgja þarf betur eftir niðurstöðum sjálfsmats og umbótatillögum.
- Skólanámskrá FH er ekki vel afmörkuð á heimasíðu skólans. Af því leiðir að erfitt getur reynst að finna ákveðna hluta hennar þegar eftir er leitað.
- Skilgreindar námsbrautir og námsleiðir eru margar á heimasíðu FH en fáar í reynd og námsframboðið einhæft. Framsetningin er því villandi fyrir þann sem leitar raunverulegra námskosta við skólann.
- Ekki hefur tekist að gera fjarnám að eftirsóknarverðum námskosti við FH.
- Nauðsynlegt er að móta stefnu um hvort og hvernig beri að nýta upplýsingatækni og tækjakost nemenda (fartölvur, spjaldtölvur, síma) í kennslustundum.
- Stefna skólans um kennsluhætti er afdráttarlaus og metnaðarfull en niðurstöður sjálfsmats benda til þess að framkvæmdina megi gera markvissari og skilvirkari.
- Námsmatsaðferðir eru blandaðar. Hluti námsmats fer fram sem leiðsagnarmat og hluti sem lokapróf. Æskilegt er að leiða námsmatsumræðuna til lykta með það að markmiði að svipaðar námsmatsaðferðir gildi á báðum meginnámsbrautum skólans svo samfelldur náms- og kennslutími hverrar annar nýtist sem best.
- Kennarar vinna ötullega að þróunarverkefnum

4 Nemendur

Haustið 2014 var 101 nemandi skráður í FSH og skiptist nokkuð jafnt á milli kynja. 89% nemendahópsins komu frá Húsavík og 7% úr nærumhverfi Húsavíkur, 3% nemenda af Vesturlandi og 1% frá Reykjavík. Reglulegir nemendur við FSH eru 95 en sex nemendur eru skráðir sem fjarnemar. Langstærsti nemendahópur skólans kemur úr Borgarhólsskóla á Húsavík og má segja að FSH sé eins konar bæjarskóli Húsavíkur. Þróun nemendafjölda sl. fjögur ár hefur verið óhagstæð skólanum, en haustið 2011 voru nemendur samtals 178. Þróun í nemendafjölda hefur að sjálfsögðu haft áhrif á fjölda stöðugilda en þess hefur verið freistað að láta þetta ekki hafa bein áhrif á dagleg störf. Að hluta til skýrast miklar sveiflur á nemendatölum af neikvæðri íbúapróun í Norðurþingi því veruleg fækkun hefur átt sér stað. Frá aldamótum hefur íbúum á Húsavík einni fækkað um 11%.⁴¹ Þá hefur svo dregið úr aðsókn á starfsnámsbrautir að ekki hefur verið hægt að starfrækja þær. Þegar skólinn var stofnaður var nokkuð stór hópur fullorðins fólks á skólasvæðinu sem ekki komst í burtu til að mennta sig en fékk þarna tækifæri og nýtti sér það. Sá markaður hefur mettast hin síðustu ár að mati viðmælenda og hefur það áhrif til fækkunar (mynd 1).



Mynd 1: Innritaðir nemendur í FH haust 2010-2014.⁴²


Nýnemum hefur fækkað jafnt og þétt síðustu fimm ár og voru aðeins þrjátíu haustið 2014. Stærstur hluti þeirra, tuttugu talsins, brautskráðist frá Borgarhólsskóla vorið áður eða 69%. Aðsókn nemenda úr Borgarhólsskóla getur verið sveiflukennnd, eitt árið er hún 67% annað 85% og allt í 92%. Það ræðst gjarnan af því hversu stór hópur stefnir á iðn- og verknám sem ekki er í boði í FSH. Í ljósi núverandi nemendafjölda í Borgarhólsskóla má vænta svipaðrar aðsóknar þaðan næstu ár, komi ekki til nýtt námsframboð eða aðrar breytingar. Meðalstærð þeirra tíu árganga sem eru í Borgarhólsskóla er um þrjátíu nemendur. Úr öðrum skólum Sveitarfélagsins Norðurþings brautskráðust tíu nemendur vorið 2014 en enginn þeirra sótti um nám á Húsavík. Síslækkandi nemendafjöldi veldur stjórnendum og hagsmunaaðilum FSH umtalsverðum áhyggjum og hafa ýmsar hugmyndir um viðspyrnu verið ræddar. Þær stranda flestar á því að erfitt er að sækja nemendur af öðrum svæðum sökum þess hve örðugt er um búsetu þeirra á Húsavík. Engin heimavist er við skólann og leigumarkaður í bænum mjög takmarkaður. Því horfa forystumenn skólans og kennarar

⁴¹ Hagstofa Íslands. (2014).

⁴² Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

einkum til mögulegs vaxtar svæðisins í tengslum við uppbyggingu stóriðju á Bakka, að íbúafjöldi í Norðurþingi aukist og þar með fjölgi nemendum.

Aldursdreifing nemenda er nokkur þó tiltölulega fáir séu fæddir fyrir 1990 (mynd 2).



Mynd 2: Aldursdreifing nemenda FSH haustið 2014.⁴³

Elsti nemandi skólans haustið 2014 er fæddur 1960 en 9% nemenda eru fæddir fyrir 1990. Sem fyrr segir voru mun fleiri eldri nemendur á fyrstu starfsárum framhaldsskólans en sá markaður virðist nær mettur.

4.1 Fjöldi í námshópum

Á vorönn 2014 voru starfræktir 37 bóklegir áfangar í FSH. Meðalfjöldi nemenda í námshópum var 13,1. Á haustönn 2014 voru 36 áfangar kenndir og meðalfjöldi nemenda í námshópi 14,2. Í viðtölum kom fram að niðurskurður í fjárveitingum hefur ekki haft mikil áhrif á stærð námshópa enda skólinn það fámennur að hver námsáfangi telst einn námshópur. Þróun í stærð námshópa markast fyrst og fremst af aðsókn á hverjum tíma og þegar dregur úr henni minnka námshópar óhjákvæmilega.

4.2 Umsjón

Öllum nemendum er fenginn umsjónarkennari án tillits til aldurs þeirra. Auglýst er eftir kennurum til starfans á kennarafundum og að sögn skólameistara eru það mest sömu kennararnir sem taka verkið að sér ár eftir ár. Starfslýsing á hlutverki umsjónarkennara liggur fyrir á heimasíðu skólans. Hlutverk þeirra felst m.a. í að fylgjast með skólasókn og námsárangri nemenda, ræða persónulega við nemendur og kynna sér viðhorf þeirra og líðan, koma ábendingum um námsvanda og önnur persónuleg vandamál á framfæri við námsráðgjafa og skólameistara eða staðgengil hans, upplýsa foreldra ólöggráða nemenda um málefni er tengjast skólagöngu barna þeirra og vera nemendum til ráðuneytis um mál er tengjast skólavist þeirra.⁴⁴


⁴³ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

⁴⁴ Starfslýsingar. [Án árs].

Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur hitta umsjónarkennara sína sjaldan og þeir telja lítið koma út úr starfi þeirra. Þetta sama viðhorf virðist koma fram í könnun meðal nemenda haustið 2014 en þá svara 56% nemenda því til að þeir séu sammála því að auðvelt sé að fá aðstoð frá umsjónarkennara en 10% segjast vera því ósammála.⁴⁵ Þetta þarf þó ekki að sýna að umsjónarkennarar sinni ekki sínu starfi heldur að meginþungi í starfi þeirra fari í að sinna fáum nemendum fremur en hverjum og einum. Nemendur segja kennara almennt viljuga til liðsinnis þegar eftir því er leitað. Hafi nemendur athugasemdir við eitthvað í skólastarfinu snúa þeir sér yfirleitt beint til skólameistara með erindi sínu.

4.3 Fjarvistir og brotthvarf

Almennt virðist mæting reglulegra nemenda í kennslustundir góð en rúmlega 40% nemenda eru með yfir 95% mætingu eins og sjá má á mynd 3.




Mynd 3: Viðveruhlutfall nemenda á vorönn 2014.⁴⁶

Í mætingaryfirliti eru hvorki taldir þeir nemendur FSH sem stunda nám gegnum Fjarmentaskólann né heldur skilgreindir fjarnemendur. Þá eru nokkrir óreglulegir nemendur sem hafa frjálsa mætingu sökum persónulegra aðstæðna og því ekki með í þessari samantekt.

Að meðaltali hafa 8,5 nemendur horfið frá námi á hverri önn á árabílinu 2009–2014 (mynd 4).

⁴⁵ Könnun meðal nemenda haustið 2014. (2014).

⁴⁶ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).



Mynd 4: Þróun brotthvarfs í FSH 2009–2014.⁴⁷

Minnst var brotthvarf frá námi skólaárið 2009–2010, en mest skólaárið 2013–2014.

Í sjálfsmatskýrslu FSH 2013–2014 er rýnt í brotthvarfstölur skólans og reynt að finna ástæður brotthvarfsins á vorönn 2014 (tafla 2).

Tafla 2: Ástæður brotthvarfs á vorönn 2014.⁴⁸

Ástæður brotthvarfs	Kyn		Fæðingarár					Móðurmál	
	Karl	Kona	1997	1996	1995	1994	Eldri	Íslenska	Annað
Fór að vinna	1	2					3	3	
Hætti vegna verkfalls		1			1			1	
Flutningar		1					1	1	
Námið tilgangslaust	1						1	1	
Nám of erfitt	1					1		1	
Veikindi		1					1	1	
Persónulegar ástæður		1					1	1	
Andleg veikindi	1				1			1	
Annað	1	8		4			5	7	2
Samtals	5	14	0	4	2	1	12	17	2

Tiltölulega lítið brotthvarf virðist vera meðal nemenda á hefðbundnum framhaldsskóla-aldri en margir eldri nemendur hverfa frá námi á skólaárinu. Flestir þeirra eru konur í starfsnámi, sumar jafnvel komnar í skólann til að taka staka áfanga gegnum Fjarmentaskólann.

⁴⁷ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

⁴⁸ Sama heimild.

4.4 Brautskráning úr skóla

Á árabílinu 2009–2014 hafa 187 nemendur verið brautskráðir frá FSH eins og sést í töflu 3.

Tafla 3: Brautskráðir nemendur frá FSH 2009–2014.⁴⁹

	Karlar	Konur	Alls
Almenn námsbraut	1	0	1
Almenn námsbraut II	1	0	1
Almenn námsbraut III	1	0	1
Félagsfræðibraut	26	46	72
Félagsliðabraut	0	20	20
Framhaldsbraut	0	0	0
Leiðbeinendur í leikskólum	0	17	17
Stuðningsfulltrúar í grunnskólum	0	10	10
Náttúrufræðibraut	29	20	49
Sjúkraliðabraut	0	3	3
Skólaliðabraut	0	1	1
Skrifstofu- og tölvubraut	0	1	1
Starfsbraut	2	2	4
Tæknibraut	0	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	0	7	7
Viðskiptabraut	0	0	0
Samtals:	60	127	187

Meðal brautskráðra nemenda eru tvöfalt fleiri konur en karlar og skýrist það af því að starfsnámsbrautir sem skólinn hefur boðið upp á hafa fremur höfðað til kvenna en karla. Þá má einnig sjá að heldur fleiri stúlkur en piltar hafa brautskráðst af stúdentsprófsbrautunum, náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut, 66 á móti 55. Þá hafa sjö konur verið brautskráðar með viðbótarnám til stúdentsprófs. Meðalnámstími af stúdentsprófsbrautunum tveimur er 7,1 önn á árunum 2009–2014.

4.5 Nemendur með sérþarfir

Fatlaðir nemendur eiga þess kost að nýta sér nám á almennum námsbrautum með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólinn getur veitt. Námsráðgjafi tekur við greiningum sem nemendur koma með, skoðar hvaða rétt þeir hafa til fyrirgreiðslu og setur þá inn í þau úrræði sem skólinn veitir. Þá fundar hann í byrjun haust- og vorannar með kennurum þeirra nemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja. Ef veittar eru undanþágur frá prófareglum kemur námsráðgjafi upplýsingum til áfangastjóra sem ræðir við einstaka kennara.⁵⁰

Skólinn leitast þannig við að koma til móts við hvern og einn og til að auðvelda fötludum nemendum aðgengi að skólahúsinu hefur nýlega verið komið fyrir lyftu. Um það bil 20% nemenda eru með greiningar af einhverju tagi. Lesblinda er algengur vandi og svo eru raskanir eins og ADHD og kvíði. Starfandi námsráðgjafi hefur aðgang að sálfræðingi fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Samningur hefur verið gerður við skólaþjónustu Norðurlands sem

⁴⁹ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

⁵⁰ *Sértæk námsúrræði*. [Án árs].

á að sinna þeim sem eru undir lögaldri. Þá er starfandi námsráðgjafi í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing og hittast þeir í hverri viku.

4.5.1 Starfsbraut

Starfsbraut, sem áður er lýst, er hluti af þjónustu FSH við nemendur með sérþarfir. Við innritun nemenda er skólinn í nánú samstarfi við Borgarhólsskóla og aðra skóla í sveitarfélaginu. Námið er einstaklingsmiðað og er bæði bóklegt og verklegt. Starfsbrautin á gott samstarf við ýmis fyrirtæki á Húsavík. Nemendur fara þangað í starfskynningar og starfsþjálfun og nokkur dæmi eru um að nemendur hafi verið ráðnir í fasta vinnu í framhaldinu.

4.6 Nemendur af erlendum uppruna

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, og íslenskir nemendur sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.⁵¹

Enn sem komið er hafa afar fáir nemendur af erlendum uppruna stundað nám í FSH. Hins vegar lítur skólinn til þess að á næstu árum muni þeim fjölga því nokkur hópur nemenda af erlendum uppruna er í Borgarhólsskóla. FSH hefur sett saman móttökuáætlun⁵² fyrir nemendur af erlendu bergi en þar er áhersla lögð á að nemendur með annað móðurmál en íslensku stundi íslenskunám með sínum hópi eftir því sem kostur er og að þeir fái sérstakan stuðning íslenskukennara. Markmiðið er að efla málskilning nemenda og færni þeirra í notkun málsins í ræðu og riti. Á það er bent að mikilvægt sé að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu. Einingar úr stöðuprófum á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð eru sagðar geta komið í stað annars erlends tungumáls eða valgreina.

4.7 Nemendafélag

Í samræmi við 39. gr. laga um framhaldsskóla er starfandi nemendafélag við FSH. Stjórn félagsins er kjörin með leynilegri kosningu eftir að auglýst hefur verið eftir framboðum meðal nemenda. Oftast fer fram kjör á milli einstaklinga en ekki listaframboð. Stjórnina skipa fimm nemendur og með henni starfar félagsmála- og forvarnafulltrúi skólans. Ekki eru til lög fyrir félagið.

Stjórn Nemendafélagsins er búin aðstaða í skólanum til að funda og sinna starfi sínu. Hún hefur aðgang að aðstöðunni utan hefðbundins skólatíma og er sýnt fullkomið traust. Hins vegar eru nemendur ekki sérlega ánægðir með aðstöðu til félagslífs innan skóla.⁵³ Skólameistari fundar reglulega með stjórn félagsins þar sem allt mögulegt er til umræðu að sögn stjórnar. Þá aðstoðar fjármálastjóri við bókhald og allar ákvarðanir um útgjöld eru teknar í samráði við hann. Tekjur félagsins, sem að langstærstum hluta koma af félagsgjöldum og innheimt eru með skólagjöldum, fara að mestu í ýmsa félagsstarfsemi, s.s. menningarferð, nýnemaviku, árshátíð o.fl.

Meginhlutverk Nemendafélagsins lýtur að félagslífi innan skólans. Helstu viðfangsefni þess eru kaffihúsakvöld með skemmtiatriðum sem undirbúin eru af nemendum, kvöldvökur,

⁵¹ *Sértæk námsúrræði*. [Án árs].

⁵² *Móttökuáætlun*. [Án árs].

⁵³ Könnun meðal nemenda haustið 2014. (2014).

árshátíð og dillivika en þá fer fram óhefðbundið nám í skólanum. Leikfélag Nemendafélagsins hefur starfað lengi og frumsýnir árlega eitt leikrit í Leikhúsinu á Húsavík. Lítið er um skólaböll og lítil áhugi er á þeim meðal nemenda. Að sögn félagsmála- og forvarnafulltrúa eru ekki nein stór vandamál uppi gagnvart vímuefnaneyslu unglínganna. Að mati nemenda sem rætt var við er félagslífið í skólanum ágætt.

Nemendafélagið kys fulltrúa sinn í skólanefnd og jafnframt skipar það fulltrúa í skólaráð. Auglýst er eftir framboðum í þessi trúnaðarstörf en yfirleitt er sjálfkjörið. Í skólanefnd og skólaráði eru ýmis stjórnunarmál skólans til umfjöllunar. Að öðru leyti koma hagsmunamál nemenda ekki inn á borð félagsins og ekki eru dæmi um að nemendur hafi óskað eftir því að félagið gætti hagsmuna þeirra gagnvart skólastjórn. Niðurstöður úr áfangamati FSH eða sjálfsmati eru ekki ræddar á vettvangi stjórnar og henni eru ekki kynntar niðurstöður úr slíkum könnunum sérstaklega. Nemendafélagsstjórnin segir að hún hafi ekki vitað af þessum gögnum á vef skólans og ekki fengið leiðsögn um að þau megi sækja þangað. Hún telur að hún megi gera meira af því að fjalla um ýmis innanbúðarmál skólans.

4.8 Mat úttektaraðila

- Framhaldsskólinn á Húsavík er í reynd bæjarskóli Húsavíkur og nemendatala hans ræðst aðallega af fjölda einstaklinga í hverjum fæðingarárgangi í bænum.
- Skortur á heimavist og/eða leiguhúsnaði fyrir aðkomunemendur hamlar eðlilegri þróun skólans.
- Mikil fækkun nemenda síðustu ár kemur niður á námsframboði og hefur leitt til fækkunar starfsmanna.
- Langflestir nemendur eru á „eðlilegum“ framhaldsskólaaldri.
- Umsjón með nemendum er vel sinnt.
- Brotthvarf meðal sextán til tuttugu ára nemenda er lítið.
- Meðalnámstími til stúdentsprófs er skammur, þ.e. 7,1 önn á árunum 2009–2014.
- Vel er hugsað um nemendur með sérþarfir, hvort heldur er í almennu námi eða á starfsbraut.
- Nemendafélagið sinnir félagslífi vel en virkja þarf það til aukinnar þátttöku sem hagsmunaaðila við ýmsa faglega vinnu innan skóla.

5 Mannauður

Við FSH starfa nítján starfsmenn, þar af þrettán við kennslu. Aðstoðarskólameistari gegnir jafnframt starfi áfangastjóra auk þess að kenna einn íslenskuáfanga. Báðir stjórnendur eru konur. Kennarar eru þrettán, þar af tíu í föstum stöðum. Starfslið skólans skiptist eftir starfsheiti, starfshlutfalli og kyni eins og sjá má í töflu 4.

Tafla 4: Stöðugildi í FSH haust 2014 eftir kynjum.⁵⁴

Starfsheiti:	Karlar	Konur	Alls
Stjórnendur		1,75	1,75
Fastráðnir kennarar	6,5	1	7,5
Lausráðnir kennarar	1	0,25	1,25
Leiðbeinendur	0,37	0,25	0,62
Starfandi námsráðgjafi		0,30	0,30
Bókasafnsfræðingur		0,60	0,60
Húsvarsla og ræsting		1	1
Fjármálastjóri		0,50	0,50
Félags- og forvarnafulltrúi	0,10		0,10
Heilsueflandi framhaldsskóli		0,10	0,10
Samtals:	7,97	5,75	13,72

Stöðugildi eru samtals 13,72 og karlar skipa meirihluta þeirra. Konur eru þó einni fleiri að höfðatölu, tíu á móti níu.

Þrettán kennarar starfa við skólann, ýmist í fullu starfi eða með skerta stöðu. Leiðbeinendur eru tveir, þar af annar í kennaranámi. Um menntun kennara vísast að öðru leyti til töflu 5.

Tafla 5: Menntun kennara í FSH haust 2014.⁵⁵

Menntun	Fjöldi
BA/BS –próf eða sambærilegt auk kennsluréttinda	7
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	4
Háskólapróf án kennsluréttinda í kennsluréttindanámi	1
Háskólapróf án kennsluréttinda	1


Að sögn skólameistara eru kennarar að mestu leyti menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna. Í tungumálum, íslensku, raungreinum, félagsfræði, sálfræði og sögu á það við. En í ýmsum valgreinum, eins og t.d. „matur og menning“ og „smiðjur“ (endurvinnsla, hönnun og nemendafyrirtæki), eru kennararnir ekki endilega sérmenntaðir í þeim. Aðal stærðfræðikennari skólans er rafmagnstæknifræðingur en ekki stærðfræðingur, líffræðikennari kennir líka áfanga í tölfraði.

⁵⁴ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

⁵⁵ Sama heimild.

5.1 Starfsmannavelta

Að sögn skólameistara hefur starfsmannavelta í FSH verið lítil undanfarin ár. Það má einnig sjá af starfsaldri kennara því tæpur þriðjungur þeirra er með fimm ára starfsaldur eða minna og 46% með ellefu ár eða meira.



Tafla 6: Starfsaldur kennara í FSH haust 2014.⁵⁶

Hin litla starfsmannavelta skýrist m.a. af því að niðurskurði og samdrætti hefur verið mætt með því að halda aftur af nýráðningum þótt kennarar eða annað starfsfólk hafi látið af störfum. Að sögn skólameistara hafa það aðallega verið námsráðgjafar sem hafa komið og farið enda með mjög lágt starfshlutfall. Enginn aðstoðarskólameistari var veturinn 2011–2012 en í janúar 2013 var ráðið í stöðuna.

5.2 Starfsþróun

FSH hefur mótaða stefnu um endurmenntun og starfsþróun starfsfólks.⁵⁷ Stefnan tekur mið af starfsmannastefnu og þeim verkefnum sem mikilvægt er að vinna að hverju sinni. Skólinn leggur áherslu á að starfsmenn eigi kost á símenntun, bæði innan og utan hans, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Starfsmenn og stjórnendur bera þar jafna ábyrgð. Í starfsþróunarsamtölum ræðir skólameistari við starfsfólk um endurmenntunaráform þess og hvetur það til að nýta þau tækifæri sem gefast, m.a. með því að skapa nauðsynlegt svigrúm til náms og þjálfunar meðfram starfi.

Meginverkefni frá hausti 2008 til vors 2015 eru og hafa verið fólgin í innleiðingu laga um framhaldsskóla frá 2008 og aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla frá 2011. Þessi áhersla er í samræmi við ákvæði skólasamnings og hefur að sögn skólameistara farið mikil orka í vinnu við nýja skólanámskrá á grundvelli aðalnámskrár. Endurmenntun og starfsþróun er ætlað að stuðla að farsælli innleiðingu þeirra breytinga sem taka mið af stefnu og meginmarkmiðum skólans og almennri skólaþróun í þágu nemenda.

5.3 Forfallakennsla

Í FSH er áhersla lögð á að kennslufall verði sem allra minnst vegna forfalla kennara. Að sögn skólameistara voru tíð forföll kennara áhyggjuefni um skeið en veruleg breyting hefur orðið til hins betra. Komi nú til forfalla kennara setja þeir á kennsluvefinn verkefni og fyrirmæli til nemenda. Stjórnendur ganga þá í tíma, taka manntal og aðstoða eftir bestu getu. Nemendur

⁵⁶ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

⁵⁷ *Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks í FSH.* [Án árs].

hafa góða aðstöðu í skólanum til sjálfsnáms í eyðum: á bókasafni, í tölvustofu og í kennslustofum.

Á vorönn 2014 voru kenndir 243 tímar á viku, alls 3645 tímar. Vegna forfalla kennara misstu nemendur samtals 47 tíma eða 1,3% kennslutímans.⁵⁸

5.4 Mat úttektaraðila

- Kennarar eru vel menntaðir en vegna smæðar skólans þurfa þeir gjarnan að sinna fleiri en einni kennslugrein á hverri önn, jafnvel mörgum.
- Lítil starfsmannavelta hefur verið við skólann síðustu ár vegna niðurskurðar og nemendafækkunar sem leiðir til þess að haldið er aftur af nýráðningum.
- Hvatt er til og stutt við starfsþróun kennara.
- Lítið er um forföll kennara.

⁵⁸ Dóra Ármannsdóttir. (2014a).

6 Stjórnun og rekstur

Í 8. grein gildandi framhaldsskólalaga segir að skólameistari ráði stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skóla að höfðu samráði við skólanefnd. Á heimasíðu FSH eru greinargóðar starfslýsingar, þeirra á meðal um hlutverk einstakra stjórnenda. Þá er sagt frá skipan skólanefndar, skólaráðs og annarra stjórnunareininga inn stofnunarinnar.

Um skólameistara segir að hann beri ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár og innritun nemenda; hann ber einnig ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans; hann er framkvæmdastjóri skólanefndar og vinnur með henni að gerð fjárhags- og starfsáætlana til lengri og skemmri tíma og sér til þess að þeim sé framfylgt; hann sér um að farið sé að lögum, reglugerðum og námskrá; hann hefur yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgist með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber; hann sér til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber; hann tekur afstöðu til og úrskurðar um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans; hann sér um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins; hann kallar saman kennarafundi; hann ber ábyrgð á innra mati og að starfsemi skólans sé kynnt; hann sér til þess að fyrir liggi upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur séu gerðar um það; hann ber ábyrgð á að upplýsa forráðamenn ólöggráðra nemenda um námsástundun, námsgengi og önnur atriði er varða skólavist nemandans og velferð hans.⁵⁹

Starfslýsing aðstoðarskólameistara er einnig rækilega sundurliðuð en í stuttu máli má segja að hann sé staðgengill skólameistara og vinni með honum að daglegri stjórn skólans. Þar sem hann er einnig í hlutverki áfangastjóra ber honum að hafa umsjón með námsframboði, innritun, námsframvindu og skólasókn, stundaskrárgerð og prófstjórn, stefnumótun og þróunarstarfi svo nokkuð sé nefnt.⁶⁰

Fjármálastjóri hefur umsjón með fjármálum og rekstri, fjármálum mótuneytis og sérstakra sjóða. Hann sér um innheimtu og greiðslu gjalda, bókhald og reikningsuppgjör. Þá vinnur fjármálastjóri að gerð rekstraráætlana í samvinnu við skólameistara, sér um launabókhald o.fl.⁶¹

Á heimasíðu er birt skipurit fyrir skólann (sjá mynd 5 á næstu síðu).⁶² Skipuritið er einfalt að gerð og lýsir þeirri flötu stjórnun sem einkennir skólann ágætlega. Athygli vekur þó að skólanefnd er sett yfir skólameistara, eins og hún hafi vald yfir honum, en ekki til hliðar við hann. Sé litið til laga um framhaldsskóla er valdsvið skólanefndar hins vegar takmarkað hvað varðar stjórnun og innra skipulag skólastarfsins. Hlutverk hennar er miklu fremur eftirlits- og umsagnar- eða stuðningshlutverk fyrir hönd menntamálaráðherra. Einnig má spyrja hvort hjúkrunarfræðingur og kerfisstjóri eigi heima í skipuritinu því hvorugur er starfsmaður FSH.


Yfirstjórn FSH er fáliðuð því hún er aðeins skipuð tveimur einstaklingum, skólameistara og aðstoðarskólameistara. Þeim til ráðuneytis er skólaráð. Engin yfirbygging er í kennaraliðinu því þar er hvorki brautar- né fagstjóra að finna. Ástæður þess liggja í smæð skólans sem leiðir meðal annars til þess að í flestum námsgreinum er aðeins einn kennari.

⁵⁹ *Starfslýsingar*. [Án árs].

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Sama heimild.

⁶² *Skipurit stjórnunar*. [Án árs].



Mynd 5: Skipurit FSH.

6.1 Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð fimm fulltrúum af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af Norðurþingi en þrír án tilnefningar. Varamenn eru valdir með sama hætti. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Hann kallar skólanefnd saman til fyrsta fundar og stýrir kjöri formanns til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn er tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn.⁶³

Skólanefnd fundar reglulega og eru haldnir að meðaltali þrír fundir á hvorri önn. Fundarplan fyrir veturinn liggur fyrir með löngum fyrirvara. Formaður og skólameistari setja niður dagskrá. Formaður stýrir fundum og fundarritari, gjarnan aðstoðarskólameistari, ritar fundargerð. Að sögn varaformanns skólanefndar er undantekning ef ekki er full mæting á fundi. Skólanefnd fær skólanámskrá til umfjöllunar og þar koma ýmis mál til kynningar og umfjöllunar er varða fjármál skólans. Oftast er það þannig að skólameistari leggur mál fyrir. Öll sjálfsmatsgögn eru lögð fyrir skólanefnd. Að mati formanns er nefndinni jafnan haldið mjög vel upplýstri um skólastarfið.

Skólanefnd kemur ekki að gerð skólasamnings við ráðuneytið en hún fær samninginn til yfirlestrar. Í fylgiskjöllum með skólasamningi eru sett fram ýmis markmið sem stefnt skal að. Skólanefnd fer yfir þau en þau eru ekki útfærð nánar af hennar hálfu.

⁶³ Skólanefnd, skólaráð og kennarafundur. (2014).

Fundargerðir skólanefndar eru birtar reglulega á vef skólans eins og lög gera ráð fyrir auk þess sem þær eru sendar bæjarráði Norðurþing til kynningar.⁶⁴ Að sögn varaformanns verða oft umræður um skólann í bæjarráði og mikill vilji er af þess hálfu til að styðja við hann. Á heimasíðu eru reglubundið uppfærðar upplýsingar um skipan skólanefndar og annarra lögboðinna nefnda.

6.2 Skólaráð

Skólaráð er kosið til eins árs í senn. Í því sitja tveir fulltrúar kennara sem kosnir eru á fyrsta kennarafundi skólaársins og nemendaráð kýs tvo fulltrúa. Skólameistari og aðstoðar-skólameistari sitja í skólaráði. Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess. Skólaráð er skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans og það fjallar um málefni er varða einstaka nemendur. Fundargerðir þess eru varðveittar innan skóla en ekki birtar opinberlega.⁶⁵

6.3 Rekstur skólans

Í *Ársskýrslu 2013* er sagt að reksturinn hafi verið í góðu samræmi við innsenda rekstrar-áætlun. Laun eru langstærsti rekstrarliðurinn og í þau fara rúm 80% rekstrargjalda. Í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 var gripið til umfangsmikilla sparnaðaraðgerða en reynt að hafa þær þannig að þær bitnuðu sem minnst á námsframboði. Meðal annars lækkaði starfshlutfall hér og hvar. Þannig fækkaði stöðugildum í stjórnun úr tveimur í eitt og hálfum um tveggja ára skeið en hafa síðan hækkað aftur í 1,75%. Starfshlutfall bókasafnsfræðings lækkaði úr 70% í 60%, stöðugildi námsráðgjafa fór úr 40% í 30%, stöðugildi á skrifstofu fóru úr 75% í 55%, heilt stöðugildi við ræstingu fór niður í hálfum og nákvæmlega hið sama gerðist í húsvörslu. Tölvuumsjón var áður 65% starfshlutfall innan skóla en er nú aðkeypt. Á þessum sama tíma, 2008–2014, hefur nemendum fækkað mikið eða úr 159 í 101. Samhliða hefur stöðugildum við kennslu fækkað úr 13,2 í 9,37.

Að sögn fjármálastjóra og skólameistara er núverandi rekstur FSH í nokkuð góðu jafnvægi en fjárhagslegt svigrúm til breytinga, t.a.m. á námsframboði, er lítið. FSH hefur staðið vel rekstrarlega síðustu ár. Skólinn hefur verið á gólfu eins og það er nefnt, og felur það í sér að viðurkennt er að skóli verði ekki rekinn fyrir minna fé. Árið 2009 voru klipptar af skólanum 11 m.kr. sem hann átti uppsafnaðar. Það þýddi að farið var í saumana á öllum rekstri skólans þar sem skólinn hafði ekki lengur það svigrúm sem uppsöfnunin hafði gefið fyrirheit um. Það með öðru hefur leitt til skerðingar á námsframboði. Margir þættir í rekstrinum eru hins vegar svo bundnir að erfitt er að hreyfa þá. Á móti lækkun starfshlutfalls sumra starfsmanna hafa komið nýjar kröfur, s.s. um gerð skólanámskrár í kjölfar nýrrar aðalnámskrár, sem hafa þýtt að kennarar hafa þurft að vinna talsverða yfirvinnu. Árið 2011 voru rekstrarútgjöld á pari við tekjur skólans. Rekstrarárið 2012 gekk vel. Þá var farið í mikinn niðurskurð í rekstri sem skilaði sér í 11 m.kr. rekstrarafgangi. Sú upphæð var hins vegar tekin af skólanum og hann færður á núllið. Lítil ánægja er meðal stjórnenda og kennara að fá ekki að njóta jákvæðs árangurs af rekstri en þurfa hins vegar jafnan að endurgreiða taprekstur. Árið 2013 var reksturinn neikvæður um 3,2 m.kr. en ekki liggur fyrir hver endanleg afkoma verður á árinu 2014.

⁶⁴ *Fundargerðir skólanefndar*. (2014).

⁶⁵ *Skólanefnd, skólaráð og kennarafundur*. (2014).

6.4 Mat úttektaraðila

- Skipurit skólans lýsir flatri stjórnun vel en þarfnast talsverðrar endurskoðunar.
- Stjórnendur eru fáir en starfslýsingar þeirra og annarra starfsmanna eru skýrar og fullnægjandi.
- Þar sem engir millistjórnendur eru í hópi kennara (sviðsstjórar/brautarstjórar, fagstjórar) er mikil jafnstaða meðal þeirra.
- Skólanefnd er virk, hún starfar skipulega og birtir fundargerðir sínar reglulega.
- Fækkun stöðugilda við kennslu reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara og lækkun starfshlutfalls á ýmsum öðrum sviðum, s.s. við ræstingu, er áhyggjuefni.
- Skólinn er kominn að hættumörkum hvað varðar nemendafæð.
- Vel hefur tekist til með rekstur FSH og hefur hann að mestu verið innan fjárheimilda undanfarin ár. Niðurskurður af hálfu stjórnvalda hefur þó gert stjórnendum erfitt fyrir og skólinn hefur ekki fengið að njóta þess þegar afgangur hefur myndast.

7 Skólabragur og samskipti

Það er sammæli allra viðmælenda að FSH njóti velvildar og virðingar í húsvísku samfélagi. Umtal um skólann sé alla jafna gott og í hugum flestra grunnskólanema sé hann sjálfsgæður sem fyrsti kostur þeirra að loknu grunnskólaprófi. Að sögn skólameistara sjást þess einnig skýr merki að þeir foreldrar sem á sinni tíð gengu í skólann vilja að börn þeirra geri það einnig. Undir þetta tekur fráfarandi formaður foreldraráðs sem segir Húsvíkings almennt líta svo á að FSH sé góður skóli og hann njóti velvildar og álits í bænum.

Viðmælendur úr hópnum almennt starfsmanna telja að góður andi ríki í skólanum sem megi m.a. rekja til smæðarinnar og þess að hann veitir persónulega þjónustu. Nemendahópurinn hefur einnig þekkt innbyrðis frá upphafi skólagöngu sinnar því langflestir koma úr Borgarhólsskóla en utanaðkomandi eiga samt auðvelt með að komast inn í hópinn. Starfsmannahópurinn er þéttur og blandast vel saman óháð því hvaða starfi hver gegnir. Sameiginlegt félagslíf er ekki mikið en þó voru í samtölum við starfsfólk nefnd spilakvöld, starfsmannaferðir, jólahlaðborð, o.fl.

Stjórn nemendafélagsins segir lítinn áhuga á dansleikjum innan skólans en haldin séu kaffihúsakvöld með skemmtiatriðum sem nemendur undirbúa. Leikfélag hefur starfað lengi á vegum félagsins og fara sýningar fram í Leikhúsinu á Húsavík. Stjórnin hefur aðgang að félagsaðstöðu í skólanum utan hefðbundins skólatíma og segir að henni sé sýnt fullkomið traust af hálfu skólayfirvalda. Samskipti við aðra framhaldsskóla eru ekki í föstum skorðum en þó hefur verið farið í heimsóknir og/eða tekið á móti heimsóknum, t.d. frá Laugum, Neskaupstað og Sauðárkróki.

Nemendur segjast ekki verða varir við einelti en telja sjálfgefið að ekki líði endilega öllum jafn vel og félagsleg tengsl úr grunnskóla flytjist úr Borgarhólsskóla yfir í FSH. Að þeirra mati er smæðin oftast kostur og auðvelt sé að hafa samband við kennara og stjórnendur. Almennt sé hlustað vel eftir röddum nemenda en þeir séu kannski ekki nægilega duglegir að tjá skoðanir sínar. Á móti komi að það henti ekki öllum að vera í litlum skóla, námsval sé takmarkað og áfangar talsvert bundnir sem getur tafið námsframvindu.

Samskipti við íþróttafélög á Húsavík eru mikil og stór hópur nemenda stundar íþróttir á þeirra vegum. Í skólanum er t.d. afreksíþróttahópur en í honum eru nemendur sem íþróttakennari ásamt þjálfurum Völsungs velja. Nemendur segjast hafa mikil tengsl við fyrirtæki í bænum, til þeirra sé mikið leitað vegna margvíslegrar fjáröflunar og viðtökur jafnan góðar.

7.1 Mat úttektaraðila

- Framhaldsskólinn á Húsavík nýtur velvildar og virðingar í næsta umhverfi sínu.
- Nemendur eru stoltir af skólanum sínum.
- Skólinn er vel tengdur félagslegu umhverfi sínu.
- Samskipti innan skóla eru alla jafna góð.

8 Innra mat

Til að leggja grunn að sívirku umbótastarfi framkvæmir FSH formlegt sjálfsmat samkvæmt lögum nr. 80/1996, gr. 23. Því er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti, stuðla að umbótum og vera liður í þróun skólastarfs.⁶⁶ Frá árinu 2002 hefur starfshópur skipaður þremur kennurum unnið árlega að matinu. Ekki hefur verið leitað eftir aðild frá öðrum starfsmönnum, nemendum né foreldrum að sjálfsmatsnefndinni sem hefur að mestu verið skipuð sömu kennurum frá upphafi. Þar hefur því byggst upp mikil þekking og reynsla af innra mati. Frá hausti 2008 hefur matshópurinn starfað samkvæmt þriggja ára áætlun og þannig leitast við að leggja formlegt mat á sem flesta þætti í skólastarfinu með reglulegu millibili. Í lok hvers skólaárs gefur hópurinn út matsskýrslu með bæði niðurstöðum og umbótatillögum. Matsverkefni hverju sinni taka mið af þeim markmiðum og árangursviðmiðum sem skólinn hefur sett sér og allir verkferlar eru skýrir.

Að mati sjálfsmatshópsins hefur alltof lítil umræða átt sér stað meðal kennara um niðurstöður kannana og eftirfylgni. Orsakir þess eru aðallega raktar til mikillar vinnu við nýja skólanámskrá. Það skortir tíma til víðtækari umræðu og starfs. Rætt hefur verið um að breyta einstaka matsspurningum og það hefur stundum verið gert. Það gerist venjulega í kjölfar athugasemda en jafnframt hefur verið reynt að halda í sama grunn spurninga á milli ára til að geta borið saman.

Gildandi matsáætlun tekur til hausts 2012 til vors 2015.⁶⁷ Samkvæmt henni er ráðgert að vinna að eftirfarandi matsþáttum á yfirstandandi skólaári (tafla 7).

Tafla 7: Sjálfsmatsáætlun FSH skólaárið 2014–2015.

Haustönn 2014	Vorönn 2015
<ul style="list-style-type: none">➤ Sjálfsmatsskýrsla 2013–2014.➤ Könnun í skólasamfélaginu.➤ Kennslu- og áfangakannanir.➤ Tölfræði úr Innu, niðurstöður námsmats.➤ Úrbótatillögur gerðar og þeim forgangsraðað.➤ Gagnaöflun og flokkun fyrir innra mat FSH.	<ul style="list-style-type: none">➤ Kennslu- og áfangakannanir.➤ Könnun um stjórnun í FSH.➤ Tölfræði úr Innu, niðurstöður námsmats.➤ Úrbótatillögur gerðar og þeim forgangsraðað.➤ Gagnaöflun og flokkun fyrir innra mat FSH.➤ Undirbúningur sjálfsmatsskýrslu 2014–2015

Sjálfsmat FSH byggir á kennslu- og áfangakönnunum, viðhorfskönnunum um ýmsa þætti starfsins og úrvinnslu úr tölfræðilegum gögnum, s.s. námsmati og skólasókn. Viðhorfskannanir eru lagðar bæði fyrir starfsfólk og nemendur, ýmist allan nemendahópinn eða skilgreindan hluta hans, allt eftir efni þess sem til athugunar er, og fyrir foreldra. Á skólaárinu 2013–2014 voru aðalmatsþættirnir viðhorf foreldra ásamt hefðbundnu kennslu- og áfangamati auk þess sem reynt var að finna ástæður fyrir brotthvarfi nemenda frá skólanum.

Kennslukannanir eru gerðar þegar um tvær vikur eru eftir af önn. Þá er tekinn einn áfangi hjá hverjum kennara og rafrænar spurningar lagðar fyrir alla nemendur sem mættir eru í tiltekna kennslustund. Samtals eru kannaðir ellefu til þrettán áfangar hverju sinni að sögn sjálfsmatsnefndar og um hundrað nemendur að baki hverju svári. Markmið skólans er að jákvæð svörun („sammála“ og „frekar sammála“) sé að lágmarki 70% og þannig eru niðurstöður einstakra svara settar fram. Aðspurð segir sjálfsmatsnefndin að þetta viðmið hafi verið notað í mörg ár án þess að nein sérstök umræða hafi farið fram um það og hvort rétt sé að nota sama viðmiðið í öllum spurningum.

Til viðbótar formlegu sjálfsmati hefur skólinn skilgreint árangursviðmið með hliðsjón af meginmarkmiðum sínum. Leitast er við að leggja mat á árangurinn með formlegum hætti,

⁶⁶ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: almennur hluti. (2011), bls. 82.

⁶⁷ Matsáætlun. [Án árs].

með aðkomu starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila. Niðurstöðum er síðan ætlað að styðja við þróunarstarf skólans og hvetja til umbóta þar sem þeirra er þörf.

Niðurstöður úr sjálfsmati eru kynntar á kennarafundi, skólanefndarfundum og þegar það á við í skólaráði. Í sjálfsmatsskýrslu sem sjálfsmatshópurinn gengur frá eru settar fram tillögur um úrbætur. Eftirfylgd þeirra tillagna hefur ekki verið sett á ábyrgð ákveðinna aðila undanfarin ár. Áður var það gert en sú eftirfylgd lenti mest á fáum og þá sérstaklega skólameistara og aðstoðarskólameistara. Því hefur verið talið óþarft að tilgreina sérstaka ábyrgðaraðila með einstökum umbótatillögum.

8.1 Starfsmannasamtöl

Í stefnu FSH um endurmenntun og starfsþróun segir að starfsmannasamtöl eigi að fara fram einu sinni á ári. Tilgangur slíkra samtala er að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Samtölunum er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum í starfi skólans, skerpa vitundina um þessi markmið og þá ábyrgð sem þeim fylgir. Í starfsmannasamtölum ræðir skólameistari um niðurstöður úr kennslumati og endurmenntunaráform starfsmannsins og hvetur hann til að nýta þau tækifæri sem gefast um leið og hann og freistar þess að skapa svigrúm til endurmenntunar.⁶⁸

8.2 Mat úttektaraðila

- Reglubundið er unnið af þriggja manna sjálfsmatshópi að innra mati í FH og byggir vinnan á samfelldri reynslu frá árinu 2002.
- Sjálfsmatshópurinn speglar breidd skólasamfélags FH með takmörkuðum hætti því í honum eiga sæti þrír kennarar en ekki fulltrúar annarra aðila, s.s. stoðþjónustu, nemenda og foreldra.
- Sjálfsmatsáætlanir eru gerðar reglubundið til þriggja ára í senn.
- Skilgreina þarf hver ber ábyrgð á eftirfylgni með umbótatillögum.

⁶⁸ *Stefna um endurmenntun og starfsþjálfun*. [Án árs].

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Við FSH starfar foreldrafélag í samræmi við ákvæði um foreldraráð í 50 gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Félagið var stofnað á fundi FSH með foreldrum nemenda fimmtudaginn 12. febrúar 2009.⁶⁹ Markmið þess er að vera vakandi fyrir því sem betur má fara í aðbúnaði innan skólans og í umhverfi hans hvað varðar nemendur. Allir foreldrar nemenda sem hafa ekki náð tuttugu ára aldri eru félagar í Foreldrafélagi FSH, nema þeir óski sérstaklega eftir að vera það ekki. Aðrir sem áhuga hafa á starfsemi FSH geta sótt um félagsaðild. Óheimilt er skv. lögum félagsins að innheimta félagsgjöld og hefur það því engan fastan tekjustofn. Tekjur þess eru styrkir sem heimilt er að taka við frá opinberum aðilum og öðrum er styðja vilja félagið og starfsemi þess. Þá er félaginu heimilt að beita sér fyrir fjáröflun til tiltekinna verkefna.

Í lögum foreldrafélagsins segir að tilgangur þess sé að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta almenn skilyrði og aðstæður einstakra nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars að:⁷⁰

- Stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna sem starfar í fullu samráði við stjórn Nemendafélags skólans.
- Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Koma á, efla og tryggja gott samstarf foreldra/forráðamanna og starfsfólks skólans.
- Hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska.

Aðalfundur er haldinn á fyrstu vikum hvers skólaárs og fer hann með æðsta vald í málefnum félagsins. Þá er kosin fimm manna stjórn til eins árs í senn og tveir varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún heldur fundargerðir sem eru aðgengilegar á vef skólans.⁷¹

Stjórnin getur í samráði við skólameistara kallað til almennra foreldrafunda um einstök málefni. Starfsmönnum og stjórnendum FSH er heimilt að sækja fundi sem haldnir eru í nafni félagsins. Það hefur látið sig varða ýmis hagsmunamál nemenda og skólans sjálfs og situr skólameistari jafnan fundi með stjórn og greinir frá því helsta sem á döfinni er. Eins og víðar taka forvarnarmál töluverðan tíma foreldraráðs. Þá beitti foreldraráð sér fyrir því að gerðar voru umbætur við skipulag forfallakennslu vegna veikinda kennara.

Ekki fer fram formleg umræða um skólanámskrá í stjórn foreldraráðs og þá hafa niðurstöður sjálfsmats ekki verið kynntar foreldraráði. Að mati formanns foreldraráðs sýna foreldrar ekki mikinn áhuga á því að taka þátt í stefnumótun skólans eða umræðu um framtíð hans. Vilja að fagfólkið annist þá hluti. Skólinn reynir hins vegar að kveikja áhuga foreldra á skólastarfinu og er duglegur að senda upplýsingar til þeirra. Virkni ráðsins ræðst fyrst og fremst af þeim sem veljast í stjórn þess.

⁶⁹ Ýmis gögn frá foreldrafélagi FSH. [Án árs].

⁷⁰ Lög foreldrafélags FSH. [Án árs].

⁷¹ Fundargerðir. (2014).

Foreldraráð hefur fjallað um aðgengi nemenda að vínveitingastöðum og auðvelt aðgengi að áfengi. Áskorun hefur verið send frá ráðinu um að nemendum sé ekki hleypt inn á slíka staði enda uppfylli þeir ekki aldursmörk. Að mati formanns foreldraráðs hefur skólinn staðið sig nokkuð vel í forvarnarstarfi, m.a. hafa verið fengnir þekktir fyrirlesarar til að fjalla um þau mál við nemendur. Foreldrar hafa ekki verið beðnir um að standa vaktir á skólasamkomum. Að sögn formanns myndu þeir örugglega gera það ef til kæmi. Borgarhólsskóli, FSH, foreldrar og íþróttafélögin hafa átt gott samstarf að þessu leyti og náð árangri í að vinna gegn áfengisneyslu unglunga.

9.1 Ytri tengsl

Í samtali við rýnihóp kennara kom fram að kennarar sakna mjög samstarfs við aðra framhaldsskólakennara. Á árum áður stóð samstarfsnefnd um framhaldsskóla á Norðurlandi fyrir árlegum haustþingum kennara þar sem námsgreinakennurum gafst tækifæri til að bera saman bækur sínar og fræðast hver af öðrum. Þetta samstarf segja þeir að sé dautt sem sé mjög miður. Það samstarf sem þeir hafa nú við aðra framhaldsskólakennara er miklu fremur byggt á kunningsskap en formlegu samstarfi skóla. Kennarar séu fyrir vikið einangraðir einyrkjar hver í sínu fagi sem er slæmt fyrir svo fámennan skóla sem FSH.

9.2 Mat úttektaraðila

- Markmið foreldraráðs eru vel skilgreind.
- Þátttaka foreldra í starfi ráðsins er fremur lítil.
- Foreldraráð birtir fundargerðir sínar reglulega.
- Auka þarf þátttöku foreldra á ýmsum sviðum, s.s. í stefnumótunarumræðu, í umræðu um gerð og eftirfylgd sjálfsmats, í umræðu um skólanámskrá.
- Koma þarf á formlegu sambandi kennara við kollega sína í öðrum framhaldsskólum.

10 Niðurstöður

Framhaldsskólinn á Húsavík er fámennur bóknámsskóli með áfangakerfi. Nemendum, sem nánast eingöngu koma frá Húsavík og næsta umhverfi, hefur farið fækkandi á undanförunum árum sökum íbúapróunar á svæðinu. Námsframboð skólans er tiltölulega þröngt af þessum sökum og miðast nánast eingöngu við tvær stúdentsnámsbrautir (félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut) sem eru með nærfellt 80% nemendafjölda skólans á haustönn 2014. Boðið hefur verið upp á ýmsar starfsnámsbrautir sem hafa komið til móts við tiltekna þörf í bænum en markaðurinn mettast fljótt. Þar af leiðandi er engum starfsnámsbrautum haldið úti í skólanum á haustmisseri 2014. Skólinn á erfitt um vik til vaxtar vegna nemendafæðar. Upptökusvæðið er fámennt og engin heimavist er á staðnum eða tækifæri til að hýsa nemendur sem koma lengra að. Sú staða hamlar því að skólinn geti boðið nám á sérgreindum námsbrautum og sótt nemendur utan upptökusvæðis síns. Skólanefnd, stjórnendur og kennarar hafa miklar áhyggjur af þróun aðsóknar í skólann, ekki síst með tilliti til fyrirhugaðra breytinga á námstíma til stúdentsprófs. Bundnar eru vonir við að uppbygging stóriðju á Bakka breyti aðstæðum skólans að þessu leyti.

Skólinn hefur til umráða rúmgott húsnæði þótt bókasafni þess sé búin þröng aðstaða. Að mestu virðist húsnæðið henta vel fyrir starfsemina en e.t.v. má segja að það sé orðið of stórt í fermetrum talið miðað við nemendafjölda. Komi hins vegar til stofnunar nýrra sérhæfðra námsbrauta gæti þurft að gera breytingar á húsnæðinu eða grípa til annarra ráðstafana. Auk húsnæðis FSH hefur skólinn afnot af íþróttahúsi sem er á skólasvæðinu og þá var gerður samningur við Sveitarfélagið Norðurþing um afnot af mötuneyti Borgarhólsskóla fyrir nemendur FSH.

Langflestir nemendur eru á „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri og brotthvarf meðal sextán til tuttugu ára er lítið. 43% nemenda haustið 2014 eru skráðir á náttúrufræðibraut og 35% nemendahópsins eru á félagsfræðibraut. Meðalnámstími til stúdentsprófs á árunum 2009–2014 var 7,1 önn. Skólinn leitast við að koma til móts við sérhvern nemanda eins og kostur er og vel er hugsað um nemendur með sérþarfir, hvort heldur er í almennu námi eða á starfsbraut. Gerð hefur verið móttökuáætlun fyrir erlenda nema og fatlaðir nemendur geta nýtt sér nám á almennum námsbrautum með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólinn getur veitt. Um 20% nemenda eru með greiningar af einhverju tagi. Starfandi námsráðgjafi hefur aðgang að sálfræðingi fyrir þá sem þess þurfa en Skólalþjónusta Norðurþings sinnir nemendum undir lögaldri. Starfsbraut er hluti af þjónustu FSH við nemendur með sérþarfir.

Innan skólans virðist þurfa að auka skilning á stöðu skólanámskrár í skólastarfinu. Skólanámskrá hefur ákveðið lögformlegt hlutverk og því ber að halda vel til haga að hún sé vel sýnileg og inniberi það sem lög og aðalnámskrá ætla henni. Þannig geta nemendur, foreldrar og aðrir sem áhuga hafa gengið að tilteknum upplýsingum um skólastarfið. Á heimasíðu skólans á svæði sem nefnt er *Skólinn* er að finna hlekk sem ber heitið *Skólanámskrá*. Þar er einungis að finna fimm stefnuskjöl. Aðspurðir um skólanámskrá skólans benda skólastjórnendur á heimasíðu FSH. Þær upplýsingar sem þar koma fram heyrar með réttu skólanámskrá til en full ástæða er til að endurskoða uppsetningu heimasíðunnar með það að markmiði að gera hlut skólanámskrár skýrari skil.

Á heimasíðu FSH kemur ekki fram hvernig staðið er að gerð stefnuskjala og markmiðssetningar af hálfu skóla en samkvæmt upplýsingum skólameistara voru þau gögn unnin í samvinnu við kennara og fjallað um þau í skólaráði og skólanefnd. Mikil vinna hefur verið lögð af hálfu stjórnenda og kennara í endurskoðun skólanámskrár í ljósi ákvæða *Aðalnámskrár framhaldsskóla 2011*. Lokið er gerð flestra stefnuskjala skólans og markmiðssetningu, s.s. um kennslu og námsmat, námsskipulag, samstarf kennara og kennsluáætlanir, sjálfsmat, ráðgjöf og þjónustu við nemendur. Eftir er að vinna að samþættingu grunnþátta inn

í skólastarfið, móttun nýrra námsbrautarlýsinga í ljósi ákvæða um framhaldsskólaeiningar og gerð hæfniviðmiða. Stefnt er að því að ný skólanámskrá liggi fyrir haustið 2015.

Sjálfsmatsáætlanir eru gerðar til þriggja ára í senn og taka mið af áherslum í stefnu skólans. Matið er framkvæmt af þriggja manna hópi kennara og byggir vinna hans á samfelldri reynslu frá árinu 2002. Sjálfsmatshópurinn speglar þó ekki vel breidd skóla-samfélagsins. Hvorki nemendur, annað starfsfólk eða foreldrar eiga aðild að sjálfsmatinu að öðru leyti en því að svara spurningum. Verkferlar í matinu eru skýrir og þess er gætt að hægt sé að fylgjast með og bregðast við verði breytingar í ákveðnum starfsþáttum. Niðurstöðum sjálfsmats fylgja umbótatillögur sem reynt er að fylgja eftir en eftirfylgd má vera markvissari.

FSH hefur markað stefnu um kennsluhætti en engin mótuð stefna er birt um heimanám né heldu um notkun upplýsingatækni. Niðurstöður sjálfsmats benda til að betur þurfi að fylgja stefnu um kennsluhætti eftir. Í skýrslu setur sjálfsmatshópur fram skýrar ábendingar um þörf á þróun kennsluhátta en markvissari aðgerðaráætlun vantar. Umræða um tillögur hópsins virðist ekki ná flugi en hins vegar fer fram umræða um breytingar á námsmati og unnið er að þróun leiðsagnarmats. Ástæða er til að tengja vel saman umræðu um kennsluhætti og námsmat svo nátengt sem þetta tvennt er. Þá fer fram umræða innan skólans um lokapróf en vilji er til þess af hálfu yfirstjórnar að nýta betur prófatíma fyrir nám og kennslu.

Lítill starfsmannavelta hefur verið í FSH á liðnum árum. Stöðugildum hefur fækkað bæði vegna fækkunar nemenda og niðurskurðar í rekstri. Ekki hefur þó komið til beinna uppsagna kennara en ekki hefur verið ráðið í störf þeirra sem látið hafa af störfum. Fækkun stöðugilda í kennslu reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara. Þeir eru almennt vel menntaðir en hafa þurft að annast kennslu námsgreina sem ekki teljast beint á þeirra fræðasviði.

Stjórnkerfi skólans er í samræmi við lög og virðist henta stærð hans og verkefnum. Skipurit skólans lýsir lítilli yfirstjórn og tiltölulega mikilli jafnstöðu starfsmanna. Stjórnendur eru fáir en starfslýsingar þeirra og annarra starfsmanna eru skýrar. Skólanefnd kemur reglulega saman og er virkur samráðsaðili skólameistara. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar á vef skólans. Reynt hefur á í rekstri skólans og hefur verið hart gengið fram í niðurskurði, s.s. við ræstingu og umsjón húsnæðis. Þannig hefur tekist að halda rekstri innan fjárheimilda.

Framhaldsskólinn á Húsavík nýtur velvildar og virðingar í næsta umhverfi sínu og virðist vel tengdur nærsamfélagi sínu. Samskipti innan skóla eru alla jafna góð og nemendur eru stoltir af skólanum sínum. Í skólanum er mikil nánd sem gerir nemendahópin samstæðan og nemendur staðfesta að þeim líði vel. Almennt virðist hlustað vel eftir röddum nemenda en þeir eru e.t.v. ekki nægilega duglegir að tjá skoðanir sínar. Foreldraráð starfar við skólann og markmið þess eru vel skilgreind. Þátttaka foreldra í starfi ráðsins er hins vegar dræm. Ráðið birtir fundargerðir sínar reglulega á vef skólans. Áhrif foreldra á stefnumóttun skólans eru lítil að öðru leyti en því að þeir eiga fulltrúa í skólanefnd og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Kennarar hafa nokkrar áhyggjur af því að einangrast í starfi vegna fámennis. Í kennarahópnum eiga þeir ekki kollega á sínu fræðasviði og lítill möguleiki á að bera sig upp við jafningja að því leyti. Ástæða er fyrir skólastjórnendur að huga að þessu og vinna að því í samstarfi við kennara að koma á tengslum við aðra skóla sem eru í svipaðri stöðu og FSH. Huga mætti að notkun tæknimiðla til að gefa kennurum aukin tækifæri til að eiga samskipti við kollega svo og efna til samstarfsfunda haust og/eða vor.

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- FSH hefur til umráða gott húsnaði er rúmar auðveldlega þá starfsemi sem þar fer fram og getur auðveldlega tekið við fleiri nemendum.
- Stefnuskjöl skólans eru að jafnaði markviss og skýr.
- Markmið í skólasamningi eru skipulega fram sett og vel að þeim unnið.
- Vel er sinnt um bókasafn skólans þrátt fyrir lágt starfshlutfall forstöðumanns þess.
- Umsjón með tölvukerfi skólans er vel fyrir komið.
- Náms- og starfsráðgjöf er vel sinnt.
- Mötuneytismál nemenda eru í góðu lagi með samnýtingu með Borgarhólsskóla.
- Kennarar vinna ötullega að ýmsum þróunarverkefnum.
- Menntasýn FSH er metnaðarfull og henni fylgir skýr markmiðssetning.
- Stefna skólans um kennsluhætti er afdráttarlaus og metnaðarfull.
- Námsmatsaðferðir eru blandaðar.
- Langflestir nemendur eru á „eðlilegum“ framhaldsskólaaldri.
- Umsjón með nemendum er vel sinnt.
- Brotthvarf meðal sextán til tuttugu ára nemenda er lítið.
- Meðalnámstími til stúdentsprófs er skammur, þ.e. 7,1 önn á árunum 2009–2014.
- Vel er hugsað um nemendur með sérþarfir, hvort heldur er í almennu námi eða á starfsbraut.
- Nemendafélagið sinnir félagslífi vel.
- Kennarar eru vel menntaðir.
- Lítil starfsmannavelta hefur verið við skólann síðustu ár.
- FSH hefur mótaða starfsþróunaráætlun og fylgir henni eftir.
- Lítið er um forföll kennara.
- Skipurit FSH lýsir flatrí stjórnumaruppbyggingu.
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna eru skýrar.
- Skólanefnd starfar skipulega og birtir fundargerðir sínar reglulega.
- Rekstur skólans er í jafnvægi.
- FSH nýtur velvildar og virðingar í næsta umhverfi sínu.
- Nemendur eru stoltir af skólanum sínum.
- Skólinn er vel tengdur nærumhverfi sínu.
- Samskipti innan skóla eru alla jafna góð.
- Sjálfsmat er reglubundið og gefur góða möguleika til að fylgjast með breytingum á viðhorfum innan skólans.
- Sjálfsmatsáætlanir eru gerðar til þriggja ára í senn.
- Markmið foreldraráðs eru vel skilgreind.
- Foreldraráð birtir fundargerðir sínar reglulega.

Veikleikar:

- Bókasafn skólans býr við þröngan húsakost og er á óhentugum stað í húsinu.
- Fjárskortur hamlar ýmissi eðlilegri þróun skólastarfs, þ.m.t. endurnýjun tölvukerfis.
- Skólanámsskrá FSH er illa afmörkuð á heimasíðu skólans og flæðir í reynd um hana alla. Af því leiðir að erfitt getur reynst að finna ákveðna hluta hennar þegar eftir er leitað.

- Skilgreindar námsbrautir og námsleiðir eru margar á heimasíðu FSH en fáar í reynd og námsframboðið einhæft. Framsetningin er því villandi fyrir þann sem leitar raunverulegra námskosta við skólann.
- Ekki hefur tekist að gera fjarnám að eftirsóknarverðum námskosti við FSH.
- Engin mótuð stefna er um notkun upplýsingatækni í kennslustundum né tækjakost nemenda.
- Metnaðarfullri stefnumótun um kennsluhætti er ekki fylgt vel eftir af hálfu skólans.
- Nemendafæð er í skólanum og upptökusvæði skólans fámennnt. Skólinn er kominn að hættumörkum hvað varðar nemendafæð.
- Skortur á heimavist og/eða leiguhúsnæði fyrir aðkomunemendur hamlar eðlilegri þróun skólans.
- Mikil fækkun nemenda síðustu ár kemur niður á námsframboði og hefur leitt til fækkunar starfsmanna.
- Vegna smæðar skólans þurfa kennarar að sinna fleiri en einni kennslugrein á hverri önn, jafnvel mörgum. Fækkun stöðugilda við kennslu reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara.
- Vegna niðurskurðar og nemendafækkunar hefur verið haldið aftur af nýráðningum.
- Þátttaka foreldra í starfi foreldraráðs er fremur lítil.
- Sjálfsmatshópur FSH speglar breidd skólasamfélagsins með takmörkuðum hætti því í honum eiga sæti þrír kennarar en ekki fulltrúar annarra aðila, s.s. stoðþjónustu, nemenda og foreldra.

10.2 Aðgerðir

- Markvisst átak verði gert í því með aðkomu sveitarfélags, fyrirtækja og stofnana í Norðurþingi að móta framtíðarsýn fyrir skólann með það að meginmarkmiði að styrkja nám sem fyrir er í skólanum, fjölga námsleiðum og skapa nýjar og fjölga nemendum.
- Skipurit FSH þarfnast endurskoðunar svo það lýsi betur stjórnunaruppbyggingu skólans.
- Þráðlaust netsamband í húsum skólans verði bætt.
- Stefna verði mótuð um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og hvort eða hvernig nýta beri tækjakost nemenda (fartölvur, spjaldtölvur, síma) í kennslustundum.
- Námsmatsumræðan verði leidd til lykta með það að markmiði að svipaðar námsmatsaðferðir gildi á námsbrautum skólans svo kennslu- og prófatími nýtist sem best til náms og kennslu.
- Styrkja þarf hlutdeild nemendafélagsins í almennri hagsmunagæslu fyrir nemendur innan skóla. Skilgreina þarf verkferla sem tryggja aðkomu nemendafélagsins.
- Stuðla þarf að því að nemendafélagið móti sér siðareglur.
- Breikka þarf aðild að og þátttöku í sjálfsmatsnefnd skólans.
- Skilgreina þarf ábyrgðaraðila fyrir sérhverri umbótatillögu sem fram kemur í sjálfsmatsskýrslu.
- Auka þarf þátttöku foreldraráðs á ýmsum sviðum, s.s. í stefnumótunarmæðu, í umræðu um gerð og eftirfylgd sjálfsmats, í umræðu um skólanámskrá.
- Koma þarf á formlegum tengslum við kennara annarra framhaldsskóla til að vinna gegn faglegru einangrun faggreinakennara. Í því sambandi má t.d. líta til annarra fámennra framhaldsskóla, s.s. Framhaldsskólans á Laugum, Menntaskólans á Tröllaskaga, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og framhaldsskólanna á Austurlandi.

11 Heimildaskrá

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneyti.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* 2. útgáfa. (2012). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Almenn námsbraut AE.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/namsbrautir/almenn-namsbr-ae/>
- Almenn námsbraut.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/namsbrautir/almenn-namsbraut/>
- Áfallaráð – verkferill.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/afallarad---verkferill/>
- Bókasafn.* (2013). Vefslóð: <http://fsh.is/thjonusta/bokasafn/>
- Dóra Ármannsdóttir. (2014a). Bréf til úttektaraðila, dags. 13.10.2014.
- Dóra Ármannsdóttir. (2014b). *Ársskýrsla 2013.* Framhaldsskólinn á Húsavík.
- Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks í FSH.* [Án árs]. Vefslóð: [http://www.fsh.is/files/Stefna_um_starfsproun_og_si-og_endurmenntun_starfsfolks_FSH\(3\)_254115276.pdf](http://www.fsh.is/files/Stefna_um_starfsproun_og_si-og_endurmenntun_starfsfolks_FSH(3)_254115276.pdf)
- Fjarnám.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/fjarnam/>
- Framhaldsbraut.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/namsbrautir/framhaldsbraut/>
- Framhaldsskólinn á Húsavík.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/>
- Fundargerðir skólanefndar.* (2014). Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/nefndir-og-rad/fundargerdir-skolaneftdar/>
- Fundargerðir.* (2014). Vefslóð: <http://www.fsh.is/foreldrar/fundargerdir/>
- Hagstofa Íslands. (2014). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum og kyni 1998–2011.* Vefslóð: <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi/>
- Heilsu- og forvarnarstefna Framhaldsskólans á Húsavík.* [Án árs]. Vefslóð: [http://www.fsh.is/files/Heilsu- og forvarnarstefna_FSH_363177400.pdf](http://www.fsh.is/files/Heilsu-og_forvarnarstefna_FSH_363177400.pdf)
- Hlutverk Framhaldsskólans á Húsavík.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/hlutverk/>
- Húsnaði skólans.* [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/husnaedi-skolans/>
- Jafnréttisstefna.* (2013). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/jafnrettisstefna/>
- Kennsla.* (2014). Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/markmid/kennsla/>
- Könnun meðal nemenda haustið 2014.* (2014). Gagn frá skólameistara.
- Lög foreldrafélags FSH.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/foreldrar/log-foreldrafelags-fsh/>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.*
- Markmið Framhaldsskólans á Húsavík.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/markmid/>
- Matsáætlun.* [Án árs]. Vefslóð: http://www.fsh.is/skolinn/sjalfsmat/matsaaetlun-h_12-v_15/
- Menntasýn Framhaldsskólans á Húsavík.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/menntasyn/>
- Móttökuáætlun.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/mottokuaaetlun/>
- Nám.* (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/markmid/nam/>
- Námsmat.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/namsmat/>
- Námsráðgjafi.* [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/thjonusta/namsradgjafi/>
- Rýmingaráætlun.* (2013). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/rymingaraaetlun/>
- Sértæk námsúræði.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/thjonusta/sertaek-namsurraedi/>
- Sjálfsmat.* Könnun meðal nemenda haustið 2014. (2014). Vefslóð: http://www.fsh.is/files/viðhorfskonnun_nemenda_h2014_208251531.pdf

Sjálfsmatsskýrsla FSH 2013–2014. (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/sjalfsmat/skyrslur-um-innra-mat/>

Skipurit stjórnunar. [Án árs]. Vefslóð: http://www.fsh.is/files/FSH_Skipurit_stjornunar_2012_1275224515.pdf

Skólanefnd, skólaráð og kennarafundur. (2014). Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/nefndir-og-rad/>

Skólasamningur. (2013). Vefslóð: [http://www.fsh.is/files/Skólasamningur_2013_1977_424982.pdf](http://www.fsh.is/files/Skolasamningur_2013_1977_424982.pdf)

Skólaskýrslur. (2014). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/skolaskyrslur/>

Starfsbraut. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/namid/namsbrautir/starfsbraut/>

Starfslýsingar. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/starfsfolk/starfslýsingar/>

Starfsmannastefna Framhaldsskólans á Húsavík. [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/starfsfolk/starfsmannastefna/>

Stefna um endurmenntun og starfsþjálfun. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/skolinn/starfsfolk/endurmenntun-og-starfsthroun/>

Tengsl við skóla og atvinnulíf. [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/tengsl-vid-skola-og-atvinnulif/>

Tölvur. [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/thjonusta/tolvur/>

Umhverfisstefna. [Án árs]. Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/umhverfisstefna/>

Viðbragðsáætlun gegn einelti. (2011/2013). Vefslóð: <http://fsh.is/skolinn/starfsfolk/adgerda-aaetlun-gegn-einelti-a-vinnustad/>

Ýmis gögn frá foreldrafélagi FSH. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fsh.is/foreldrar/ymis-gogn/>

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Framhaldsskólanum á Húsavík:

- Aðstoðarskólameistari
- Félagsmálafulltrúi
- Fjármálastjóri
- Forstöðumaður bókasafns
- Fráfarandi formaður foreldraráðs
- Rýnihópur kennara
- Rýnihópur nemenda
- Sjálfsmatsnefnd
- Skólameistari
- Skólaritari
- Starfandi námsráðgjafi
- Starfsbrautarnemendur
- Stjórn nemendafélagsins
- Umsjónarkennari starfsbrautar
- Umsjónarmaður húsnæðis
- Umsjónarmaður tölvukerfis
- Varaformaður skólanefndar

12 Fylgiskjöl

Akureyri 1. október 2014

Efni: Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 10. september 2014, hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Framhaldsskólanum á Húsavík. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við stjórnendur skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 15. október nk.:

- *Ársskýrsla 2013.*
- *Skólanámskrá.*
- *Sjálfsmatsskýrsla 2013–2014.*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Aðsókn og innritun nemenda á vorönn 2014 og haustönn 2014.*
 - *Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2009.*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – hlutfall haust 2013 og haust 2014)?*
 - *Fjöldi innritaðra nemenda 15. janúar 2014 og 15. september 2014, skipt eftir árgöngum og kynjum.*
 - *Skipting nemenda á námsbrautir 2009–2014 greind eftir kynjum.*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2014.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda vorið 2014.*
 - *Brottfall nemenda og þróun á árunum 2009–2014.*
 - *Brautskráningar af einstökum námsbrautum 2009–2014.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.*
 - *Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*
- *Menntun kennara:*
 - *Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með aðra menntun.*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
 - *Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?*
 - *Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara á vorönn 2014.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2014.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.*
- *Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið var að á skólaárinu 2013–2014.*
- *Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag og þriðjudag 10.–11. nóvember nk. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á mót okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 10. nóvember

8:30–10:00	Skólameistari.
10:15–11:00	Sjálfsmatsnefnd.
11:15–12:00	Bókavörður og kerfisstjóri.
13:00–13:45	Námsráðgjafi.
14:00–14:45	Rýnihópur kennara (8 kennarar).
15:00–15:30	Umsjónarmaður húsnæðis.
15:45–16:15	Stjórn nemendafélags og félagsmála- og forvarnarfulltrúi.

Þriðjudagur 11. nóvember

8:30–9:15	Fjármálastjóri og skólaritari.
9:30–10:15	Rýnihópur nemenda (sex nemendur valdir af stjórn nemendafélags af stúdentsnámsbrautum).
10:30–11:15	Rýnihópur nemenda (sex nemendur valdir af stjórn nemendafélags af almennum námsbrautum og starfsnámsbrautum).
11:30–12:15	Aðstoðarskólameistari.
13:00–13:30	Formaður skólanefndar.
13:45–14:15	Formaður foreldraráðs.

Leitað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að finna kennara til að taka þátt í rýnihópi. Biðjum við um að fá sent netfang trúnaðarmanns svo við getum sent honum tölvupóst um úttektina. Á sama hátt munum við senda formanni nemendafélags skólans bréf og hann beðinn að finna nemendur í tvo rýnihópa í samræmi við töflu. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta henni í samráði við skólameistara.

Með bestu kveðju.

